



**Háskólinn  
á Akureyri**  
University  
of Akureyri

## Íslensk tunga erlendis

Hvernig íslenskir foreldrar kenna börnum sínum  
íslensku í útlöndum

Lilja Kristjánsdóttir

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
2023



# Íslensk tunga erlendis

Hvernig íslenskir foreldrar kenna börnum sínum  
íslensku í útlöndum

Lilja Kristjánsdóttir

30 eininga lokaverkefni í Menntunarfræði á leikskólastigi  
sem er hluti af  
Magister Educationis - prófi í félagsvísindum

Leiðsögukenningar  
Guðmundur Engilbertsson  
Rannveig Oddsdóttir

Kennaradeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, júní 2023

Titill: Íslensk tunga erlendis - hvernig íslenskir foreldrar kenna íslensku erlendis

Stuttur titill: Íslensk tunga erlendis

30 eininga meistaraþrófsverkefni sem er hluti af Magister Educationis - prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2023 Lilja Kristjánsdóttir

Öll réttindi áskilin

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Lilja Kristjánsdóttir 2023, meistaraþrófsverkefni, Kennaradeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 113 bls.

Akureyri, júní, 2023

# Ágrip

Fáar rannsóknir eru til um hvernig Íslendingar erlendis kenna börnum sínum íslensku. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvaða efni og aðferðir foreldrar notuðu til þess að kenna börnum sínum á aldrinum 2–6 ára íslensku og hversu ánægðir þeir voru með það efni. Einnig var skoðað hvaða stuðning foreldrarnir teldu sig þurfa til þess að kenna tungumálið. Spurningalisti var lagður fyrir 180 íslenska foreldra víðsvegar í heiminum sem rannsakandi komst í samband við í gegnum margvíslega hópa fyrir Íslendinga í útlöndum á Facebook. Niðurstöður sýna að foreldrar nota helst samtöl við börnin, lesa bækur og hlusta á tónlist en minna aðrar aðferðir til þess að kenna íslensku þó að mikið magn af efni sé til og aðgengilegt á netinu. Flestir íslenskir foreldrar eru ánægðir með þær bækur og sjónvarpsefni sem þeir hafa aðgang að en finnst ekki auðvelt að finna efni á netinu. Meirihluti þátttakenda vill hafa betra aðgengi að íslensku efni fyrir barnið sitt og einnig að íslensk yfirvöld styðji við íslenskukennslu barna sem búa erlendis. Niðurstöðurnar gefa til kynna að íslenskir foreldrar erlendis nota fáar aðferðir til að kenna íslensku og annaðhvort gera sér ekki grein fyrir hvaða efni er hægt að nota til að kenna börnum sínum tungumálið eða vita ekki hvar eigi að leita að því. Í framhaldinu mætti skoða betur stöðu íslenskukunnáttu hjá íslenskum börnum úti. Einnig mætti búa til námsefni til að kenna íslenskum foreldrum erlendis að bæta íslenskukunnáttu og orðaforða barna sinna eða gera það efni sem til er aðgengilegra.

# Abstract

Little research has been done on how Icelandic parents living abroad teach their children the Icelandic language. The goal of this research was to examine what methods parents use to teach Icelandic to their children, at the age of 2 to 6 years old, and how satisfied they were with those methods. It also examined what support parents thought they needed to teach the language. 180 Icelandic parents around the world were contacted through various groups on Facebook and subsequently participated in a questionnaire. The results show that parents mainly use conversation, read books, and listen to music to teach Icelandic to their children. Other methods are used less even though there is quite a lot of material online and easily accessible. Most Icelandic parents are satisfied with the books and television material that they have access to but have trouble finding educational material online. Most participants want more access to Icelandic material for their children and most of them want the Icelandic government to support teaching Icelandic to children living abroad. The results show that Icelandic parents use few methods to teach Icelandic and either do not realize what materials can be used to teach the language to their children or do not know how to look for it. In the future more research could be done on the status of Icelandic language knowledge in Icelandic children overseas. Also, educational material could be developed for Icelandic parents on how to improve the Icelandic knowledge and vocabulary of their children or make the available material more accessible.

*Fyrir Ingu Hrefnu, Snorra Þór og Kötlu Sól.*





# Formáli

Ég ber þá gæfu að hafa búið í útlöndum, og á enn ættingja og vini sem búa út um allan heim. Þar á meðal á ég lítinn frænda og litla frænku sem búa erlendis og þeirra íslenskukunnátta er, sem gefur að skilja, ekki mjög góð. Því þrátt fyrir mikla vinnu móður þeirra og margar bóka- og DVD sendingar af íslensku efni, tilheyrir málumhverfi barnanna að mestu leyti öðrum tungumálum. Þetta þykir mér ekki stórmál því ég tala hitt tungumálið þeirra, sem er franska. En móðurafa þeirra og móðurömmu þykir þetta miður því þau tala ekki frönsku né þýsku og eiga erfitt með samskipti við barnabörnin sín. Þegar ég hóf þetta nám þá var ég búin að ákveða hvert viðfangsefni þessarar mastersritgerðar yrði, út af því að ég vissi nú þegar hvað íslenskir foreldrar eiga erfitt með að kenna börnum sínum íslensku í öðru málaumhverfi. Það sem ég vissi ekki var hversu mikil þörfin væri fyrir gott íslenskt námsefni og hversu lítill áhugi hefur verið á þessum stóra hóp sem við Íslendingar eigum í útlöndum. Þessi ritgerð er tilraun til þess að ná yfir áskoranirnar sem mæta íslenskum foreldrum erlendis og hjálpa þeim að bæta íslenskukunnáttu og orðaforða barna sinna á sem bestan hátt. Viðfangsefni ritgerðarinnar er brýnt og hefur lengi verið tímabært að draga athygli að þörf íslenskra foreldra erlendis á stuðningi íslenskra stjórnvalda.

Þessi ritgerð er 30 eininga meistaraverkefni til M.Ed-prófs í Menntunarfræði í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri. Leiðbeinendur mínir í verkefninu voru Guðmundur Engilbertsson og Rannveig Oddsdóttir og kann ég þeim hinum bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og stuðning við gerð verkefnisins.

Ég vil einnig þakka yfirmönnum mínum í leikskólanum Krakkaborg, þeim Söru Guðjónsdóttur, Þórdísi Guðrúnu Þormóðsdóttur og Björg Kvaran fyrir mikinn stuðning á meðan ég fór í gegnum námið. Ég vil sérstaklega þakka Björgu fyrir leiðsögn hennar á starfsnáms tímanum og mikla jákvæðni í minn garð.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir að vera alltaf til staðar þegar ég þurfti á þeim að halda og sem studdu mig í náminu.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR</b> .....	<b>5</b>
2.1	STADA ÍSLENSKU ERLENDIS Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2023 .....	5
2.2	MÁLTAKA BARNNA .....	10
2.3	TVÍTYNGI .....	14
2.4	PÁTTTAKA FORELDRA Í MÁLTÖKU OG TUNGUMÁLANÁMI .....	20
2.5	FYRIRLIGGJANDI NÁMSEFNI .....	22
2.6	TILGANGUR ÞESSARAR RITGERÐAR .....	28
<b>3</b>	<b>AÐFERÐAFRÆÐI</b> .....	<b>29</b>
3.1	RANNSÓKNARSNIÐ OG AÐFERÐ .....	29
3.2	PÁTTTAKENDUR .....	29
3.3	SPURNINGALISTINN .....	31
3.4	FRAMKVÆMD .....	32
3.5	ÚRVINNSLA .....	32
3.6	ÁLITAMÁL OG SIÐFERÐILEG ATRIÐI .....	33
<b>4</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>35</b>
4.1	HÆFISPURNINGAR .....	35
4.2	HVERNIG KENNA ÍSLENSKIR FORELDRAR ERLENDIS BÖRNUM SÍNUM ÍSLENSKU OG HVERSU ÁNÆGGDIR ERU ÞEIR MEÐ ÞAÐ EFNI OG AÐFERÐIRJ? .....	36
	<i>Samtöl</i> .....	36
	<i>Bækur</i> .....	39
	<i>Tónlist</i> .....	41
	<i>Sjónvarpsefni</i> .....	42
	<i>Aðrar kennsluaðferðir</i> .....	43
4.3	HVAÐA STUÐNING TELJA FORELDRAR SIG ÞURFA TIL ÞESS AÐ KENNA BÖRNUM SÍNUM ÍSLENSKU? .....	49
<b>5</b>	<b>UMRÆÐUR</b> .....	<b>51</b>
5.1	HVERNIG KENNA ÍSLENSKIR FORELDRAR BÚSETTIR ERLENDIS BÖRNUM SÍNUM ÍSLENSKU ? .....	51
	<i>Samtöl</i> .....	53
	<i>Bækur og tónlist</i> .....	55
	<i>Aðrar kennsluaðferðir</i> .....	57
5.2	HVERSU ÁNÆGGDIR ERU FORELDRARNIR MEÐ EFNIÐ TIL AÐ KENNA BÖRNUM SÍNUM ÍSLENSKU? .....	61

5.3	HVAÐA STUÐNING TELJA FORELDRAR SIG ÞURFA TIL ÞESS AÐ KENNA BÖRNUM SÍNUM ÍSLENSKU? .....	64
5.4	HVERJU BÆTIR ÞESSI RANNSÓKN VIÐ Í RANNSÓKNARHEIMINUM? .....	65
<b>6</b>	<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>69</b>
	<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>71</b>
	<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>81</b>

# Myndayfirlit

Mynd 1: Tíðni samtala foreldra og barna eftir tungumáli.. .....	37
Mynd 2: Hversu oft lesa foreldrar bækur með börnum sínum.. .....	39
Mynd 3: Álit foreldra á þeim bókum sem þeir lesa með börnum. ....	40
Mynd 4: Tíðni tónlistarhlustunar hjá börnunum.....	41
Mynd 5: Tíðni áhorfs barna á íslenskt eða erlent sjónvarpsefni.....	42
Mynd 6: Álit foreldra á ákveðnu efni.....	44
Mynd 7: Hlutfall foreldra sem könnuðust við síður á netinu. ....	46
Mynd 8: Álit foreldra á nokkrum þáttum. ....	47
Mynd 9: Hlutfall foreldra sem notar viðkomandi efni á íslensku 3 – 4 sinnum í viku eða oftar.....	52
Mynd 10: Hlutfall þátttakenda sem var ánægt með kennslufnið.....	62



# Töfluyfirlit

Tafla 1: Aldursdreifing þátttakenda.....	30
Tafla 2: Menntunarstig þátttakenda .....	30





# 1 Inngangur

Að kenna og viðhalda íslensku er mikilvægt forgangsattriði fyrir íslensku þjóðina. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að „[h]æfni í íslensku er meginforsenda þess að [nemendur] verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum (Mennta- og menningarráðuneytið, 2013, bls. 106; [] eru breytingar höfundar). Þann 1. janúar 2023 voru Íslendingar búsettir á landinu orðnir 387.758 manns (Hagstofa Íslands, 2023) og nýlega birti Þjóðskrá yfirlit yfir fjölda þeirra Íslendinga sem búa erlendis en þeir eru 48.951 manns (Þjóðskrá, e.d.). Það þýðir að tæplega 440 þúsund einstaklingar tala íslensku eða hafa íslensku í málumhverfi sínu. Höfundur þessa verkefnis hefur búið svo vel að vera hluti af báðum hópunum í sínu lífi og á einnig einn brottfluttan Íslending í fjölskyldunni. Hún hefur því fengið að fylgjast með þeim áskorunum sem sá fjölskyldumeðlimur hefur þurft að mæta þegar kemur að því að kenna börnum sínum íslensku erlendis.

Í aðalnámskrá grunnskóla er lítillega gert ráð fyrir íslenskum börnum sem hafa búið erlendis en flutt svo aftur til Íslands (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 106) en að öðru leyti er ekki fjallað mikið um þennan hóp í rituðu máli. Því er hægt að segja að íslenskunotkun og íslenskukennsla barnanna hefur ekki verið rannsökuð mikið og lítið er vitað um aðstæður þeirra. Þetta er miður þar sem þessi hópur gæti átt stóran þátt í því að breiða út íslenska þekkingu og tryggja að tungumálið lifi af en samkvæmt skýrslum frá Evrópusambandinu er búist við því að allt að 90% af tungumálum veraldar verði horfin í lok aldarinnar (European Parliamentary Research

Service, 2022). Telja má að meirihluti, ef ekki öll, börn Íslendinga sem búa erlendis þurfi að læra annað tungumál til jafns við íslensku sem gerir þau tvítyngd, en hvernig íslensku foreldrarnir stemma stigu við því að annað tungumál sé ráðandi inni á heimilinu er ekki þekkt. Þar af leiðandi er þörf á því að skoða þennan hóp nánar og athuga hvort núverandi námsefni sem er til staðar sé nógu gott til þess að efla íslenska tungu á erlendri grund og mæta þörfum foreldra.

Í þessu meistaraverkefni verður hópur íslenskra foreldra erlendis skoðaður og farið yfir það efni og aðferðir sem hann notar til þess að kenna börnum sínum íslensku. Hér verður sérstaklega beint sjónum að fjölskyldum með börnum á aldrinum 2–6 ára þar sem börn eru að ná tökum á málþroska á þessum árum (MML, e.d.). Markmið rannsóknarinnar er að öðlast meiri skilning á því hvernig íslenskir foreldrar kenna börnum sínum íslensku og hvort þeir telja sig þurfa meiri stuðning til þess en þeir fá nú þegar frá annaðhvort íslenskum yfirvöldum eða öðrum. Leitað var svara við þremur rannsóknarspurningum, þ.e. 1) hvernig kenna íslenskir foreldrar búsettir erlendis börnum sínum íslensku, 2) hversu ánægðir eru foreldrarnir með það efni til að kenna börnum sínum íslensku og 3) hvaða stuðning telja foreldrar sig þurfa til þess að kenna börnum sínum íslensku? Þar sem þessar spurningar snúast um viðhorf og venjur hópsins er gagna aflað með því að leggja spurningalista fyrir foreldrana. Spurningalistinn miðar að því að skoða það efni og venjur sem íslenskir foreldrar sem búa erlendis hafa til þess að styðja við íslenskunám barna sinna. Þessi rannsókn er mikilvæg svo hægt sé að skoða betur í framtíðinni það námsefni sem til er út frá þörfum íslenskra barna sem búa utan Íslands og þróa námsefni fyrir þennan hóp ef þörf er á í þeim tilgangi að styrkja stöðu íslenskrar tungu erlendis.

Í eftirfarandi umfjöllun verður rannsóknin sett í fræðilegt samhengi. Svo verður fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við framkvæmd rannsóknarinnar. Þar næst verður farið í niðurstöður og umræðu. Í lok ritgerðarinnar má svo finna heimildaskrá og viðauka en í þeim eru bæði spurningalistinn sem var lagður fyrir sem og boðin sem þátttakendur fengu þegar þeir tóku þátt.

**Lykilorð:** Tvítýngi (e. *Bilingualism*), íslenska erlendis (e. *Icelandic overseas*), þátttaka foreldra (e. *Parental Involvement*), máltaka barna (e. *Childrens' Language Acquisition*).



## 2 Fræðilegur bakgrunnur

Í eftirfarandi umfjöllun verður meistararannsóknin sett í fræðilegt samhengi við aðrar rannsóknir og lykilhugtök hennar útskýrð. Hér verður beint sjónum að núverandi stöðu íslensku á erlendum vettvangi, hvenær og hvernig börn hefja máltöku og hvernig máltaka tvítyngdra er ólík máltöku eintyngdra barna. Næst verður fjallað um þátttöku foreldra í máltöku og tungumálanámi, sem og námsefnið sem er til og hægt er að nota í íslenskukennslu. Að lokum verða rannsóknarspurningar settar fram.

### 2.1 Staða íslensku erlendis á Íslandi árið 2023

Það er mikilvægt fyrir íslenska þjóð að leggja áherslu á að viðhalda tungumáli sínu í heimi þar sem tungumál hverfa þegar þau takast á við mál sem töluð eru af stórum hluta heimsins. Í skýrslu frá Evrópusambandinu, sem gefin var út árið 2022, var fjallað um þróun tungumála allt til aldarloka og þar er gert ráð fyrir því að um 90% allra tungumála, sem eru á milli 6000 og 7000 í dag, hverfi undir yfirráð annarra útbreiddari mála í lok 21. aldarinnar (European Parliamentary Research Service, 2022). Það er því hverri þjóð mikilvægt að beita sér fyrir sínu tungumáli og viðhalda því. Með þetta að markmiði hafa íslensk yfirvöld verið dugleg að gefa út íslenskar málstefnur þar sem tíunduð eru þau atriði sem leggja skal áherslu á til þess að viðhalda íslensku. Árið 2008 kom út fyrsta tillagan að íslenskri málstefnu þar sem tilgreindir voru nokkrir þættir sem yfirvöld ættu að leggja áherslu á til að tryggja stöðu íslenskunnar. Þar var til dæmis fjallað um íslensku í háskólum, íslensku í vísindum og fræðum, íslensku í tölvuheimum, íslensku í atvinnulífinu o.s.frv. (Menntamálaráðuneytið, 2008,

bls. 5). Þetta er mikilvægt þar sem „[s]taða íslenskrar tungu verður best treyst með því að nota íslensku sem víðast í íslensku samfélagi... (Menntamálaráðuneytið, 2008, bls. 7).“ En því miður virðist einn samfélagshópur hafa gleymst í allri umfjöllun um hvernig megi styrkja stöðu íslenskunnar og það er hópur Íslendinga sem býr utan Íslands.

Íslendingar, líkt og aðrar þjóðir, eiga það til að fara út fyrir landsteinana til þess að sækja sér nám eða starfsreynslu sem er illfáanleg heima. Sumir snúa aftur heim þegar námi þeirra lýkur á meðan aðrir velja það að búa fjarri Fróni ævina á enda. Það þýðir ekki að tengsl þeirra við Ísland og íslenska menningu séu minni fyrir vikið. Þetta sést til dæmis hjá þeim fjölskyldum sem fluttu vestur um haf um aldamótin 1900 og settu upp íslenska nýlendu í Kanada, en þar var lagt mikið upp úr því að eiga samskipti á íslensku, halda messur og kenna börnum íslensku í skóla fyrstu áratuginna (Gísli Sigurðsson, e.d.). Hverjum þykir sinn fugl fagur, og á það einnig við um móðurmál. Það kemur því ekki á óvart að fólki sem flytur erlendis finnst mikilvægt að kenna börnum sínum móðurmálið sitt en hvort þeim finnst það auðvelt er hins vegar allt annar handleggur. Íslenska er ekki auðvelt tungumál, hvorki að læra né kenna, og því gætu foreldrar erlendis þegið stuðning við að kenna hana. Í fyrstu málstefnunni var sérstaklega minnst á íslensku erlendis og hvernig mætti styðja við íslenskunám utan Íslands (Menntamálaráðuneytið, 2008, bls. 83–87). Þar var minnst á aðferðir sem stjórnvöld áttu að nota til þess að efla íslenskunám fyrir utan landssteinana og nokkur markmið sett til þess að gera það. Þessi markmið voru:

- „Að efla kennslu í íslensku erlendis þannig að sem flestir eigi kost á henni (bls. 85).“
- „Að styðja eftir föngum rannsóknir á íslensku og íslenskum bókmenntum erlendis (bls. 86).“

- „Að íslensk börn erlendis eigi kost á vandaðri íslenskukennslu (bls. 86).“

Einnig voru settar fram mögulegar aðgerðir til þess að ná ofangreindum markmiðum. Þau voru:

- „Að stefnt verði að stofnun rannsóknarstofu á háskólastigi sem hafi það hlutverk að vinna að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum á íslensku sem öðru og erlendu máli, máltileikun, tvítýngi, menningarlæsi og kennslufræði og miðla þekkingu á þeim (bls. 86).“
- „Að myndarlega verði staðið að íslenskukennslu fyrir erlenda stúdenta og íslensk börn erlendis og stefnt verði að því að fjölga möguleikum til íslenskunáms í skólum, á kvöldnámskeiðum og í fjarnámi (bls. 86).“
- „Að leitað verði leiða til að þróa enn frekar og gefa út námsefni sem hæfir ólíkum nemendahópum, bæði í prentformi og á Netinu (bls. 86).“
- „Að leitað verði leiða til að fjölga orðabókum á Netinu (bls. 87).“
- „Að stuðlað verði að útrás íslenskunnar henni til hagsbóta með því að efla íslensk fræði við erlenda háskóla og kynningu á íslenskri bókmenningu erlendis (bls. 87).“

Hér má sjá umhyggju fyrir íslensku erlendis og áriðandi að líta til þeirra sem tala hana þar til að styrkja stöðu íslenskunnar. Þessi fyrsta stefna var svo samþykkt árið 2009 (Íslensk málnefnd, e.d.). En hverju af þessum markmiðum var komið í verk?

Sérstök rannsóknarstofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls var stofnuð í júní árið 2008 í Háskóla Íslands (Menntavísindastofnun, e.d.-a) þó ekki sé vitað hvort það hafi verið í beinum tengslum við markmiðin hér að ofan. Einnig var á sama tíma stofnuð rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu við Háskóla Íslands (Menntavísindastofnun, e.d.-b). Þriðja stofnunin, þ.e. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (<https://arnastofnun.is/is>), gefur út bækur

og birtir ýmsar greinar um íslensku, íslenska málfræði og ýmislegt sem tengist tungumálinu. Á vefsíðu þeirrar stofnunar má finna lista yfir háskólakennara í íslensku við erlenda háskóla en ekki er vitað hvort einhver þeirra sé einnig að kenna börnum tungumálið. Þar má einnig finna fjölda orðabóka, bæði ein- og tvímála. Það má því segja að það sé mikið um rannsóknir á íslenskri tungu og mikið um fræðiefni á netinu til þess að gera veg íslenskrar tungu sem mestan og sem fylgja fyrstu málstefnunni frá 2008. Árið 2010 var svo stofnað Tungumálatorg á netinu í Háskóla Íslands þar sem styðja átti við „...nám í tungumálum og fjölmenningsleggt skólastarf með upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um netið (Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, 2010, bls. 1).“ Innan þess átti að bjóða upp á kennslu fyrir nemendur sem höfðu hug á að læra íslensku erlendis. Á síðunni tungumalatorg.is mátti svo finna hnapp með nafninu „Íslenska erlendis“ allt fram til ársins 2022. Sá hnappur er horfinn í dag, árið 2023. Á netinu má þó finna ógrynni af efni sem hægt er að nota til íslenskukennslu, eins og komið verður að seinna í ritgerðinni. Lítið sem ekkert af því efni er þó sérstaklega tilgreint fyrir börn Íslendinga sem búa erlendis.

Árið 2021 kom svo út ný málstefna frá málnefndinni þar sem tilgreindir voru níu þættir sem leggja ætti áherslu á í framtíðinni, þar á meðal íslenskukennslu í skólakerfinu, í háskólum og rannsóknarstarfi, í menningu og miðlum og íslenskri máltækni svo fátt eitt sé nefnt (Íslensk málnefnd, 2021, bls. 4–9). Umfjöllun um hvernig efla mætti íslenskukennslu erlendis var ekki þar á meðal. Það má því leiða að því líkum að íslenskukennsla erlendis sé ekki áhersluatriði íslenskra stjórnvalda í dag. Það gæti verið að breytast miðað við það að sett var fram þingsályktunartillaga árið 2022 um að bæta stöðu og þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis. Í því skjali er meðal annars fjallað um að auka stuðning við íslenskukennslu fyrir íslensk börn búsett erlendis og auka



aðgengi að íslensku barna- og fræðsluefni fyrir þau (þingskjal nr. 336/2022–2023). Þetta skjal hefur ekki enn fengið umfjöllun í maí 2023.

Stofnanir erlendis hafa þó lagt áherslu á mikilvægi móðurmáls í þróun tvítyngis og þar gætu reynst tækifæri til þess að styrkja íslensku enn frekar. Hér má helst nefna Barnasáttmálann sem var samþykktur á þingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 en í greinum hans er fjallað um rétt barna til að virða móðurmál sitt og njóta þess að vera hluti af minnihlutahóp (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I hluti/1989). Umboðsmaður barna á Íslandi telur að „Barnasáttmálinn feli í sér að leitast skuli við að tryggja börnum kennslu í eigin móðurmáli (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2020, bls. 6). Þessi skoðun finnst einnig innan samkomulagsins sem Norðurlöndin gerðu með sér um að styrkja móðurmál þegna sinna, sérstaklega hvað viðkemur hinum Norðurlandþjóðunum, með því að tryggja kennslu í þeim tungumálum (Nordic Co-operation, e.d.). Þetta þýðir að Íslendingar sem búa í Noregi, Svíþjóð og Danmörku ættu, lögum samkvæmt, að hafa aðgang að íslenskukennslu. Það er þó ekki vitað hvort það séu nógu margir kennarar til í þessum löndum til að tryggja að börnin þar læri íslensku ásamt hinu tungumálinu sem þau hljóta að leggja stund á. Í Evrópusambandinu er lögð aukin áhersla á fjöltyngi í menntun þar sem landamæri eru opin og fjölskyldur geta flutt auðveldlega á milli landa. Enda er svo komið sögu að einn af hverjum tíu 15 ára unglingum í Evrópusambandinu tala ekki málið heima sem talað er í skólanum (European Education and Culture Executive Agency, 2023, bls. 36). Það má því búast við því að íslenska lífi góðu lífi þar eða sé að minnsta kosti ekki ýtt niður. En ekki eru öll lönd jafn áhugasöm um að viðhalda tví- eða fjöltyngi. Í Bandaríkjunum er mikill fjöldi innflytjenda sem tala ekki ensku heima við en Bandaríkjamenn virðast skiptast í tvennt með að styðja heimatungumálið eða ýta því niður (Gándara og Escamilla, 2017; Menken og

Solorza, 2014). Það má því spyrja sig hvort Íslendingar sem búa þar telji það vera þess virði að halda í íslenskuna eða hvort þeir velji að fela tungumálakunnáttu sína til að passa betur inn í menninguna vestra. Það má ímynda sér að aðrir Íslendingar sem búa utan fyrrgreindra svæða, eða um 3700 manns sem dreifast um allan heim (Þjóðskrá, e.d.), búi við svipaðar áskoranir og hóparnir hér að ofan og því verður ekki gerð ítarleg greining á ástandi þeirra.

Af ofangreindu má sjá að staða íslensku erlendis er óviss. Íslensk stjórnvöld hafa áður sýnt vilja til þess að gefa Íslendingum erlendis aðgengi að íslensku náms- og skemmtiefni en hafa átt erfitt með að fylgja þeim vilja eftir. Á alþjóðlegum vettvangi er mikill vilji í stefnum fyrir því að styðja við mál sem töluð eru heima við og þá sérstaklega í Evrópu. En þar sem Íslendingar eru dreifðir út um allan heim og eru fámennur hópur í samanburði við aðra málalópa gæti þarlandum stjórnvöldum þótt það tímaeyðsla að búa til sérstakt námsefni fyrir hann. Því er þarft að skoða hvaða námsefni Íslendingar erlendis hafa til þess að kenna og halda íslensku við á heimilinu og hvort þeim finnst nauðsynlegt að fá meiri stuðning frá Íslandi þar sem það er eina landið sem býr til námsefni sérstaklega fyrir íslensku.

## 2.2 Máltaka barna

Notað er hugtakið máltaka um það ferli þegar börn tileinka sér móðurmál í æsku og er það aðgreint frá því ferli þegar börn læra nýtt tungumál í skóla (Sigríður Sigurjónsdóttir, e.d.) Rannsóknir hafa sýnt að máltaka barna hefst strax í móðurviði og að nýburar geta greint mun á máli móður sinnar og öðru tungumáli stuttu eftir fæðingu (Moon, Lagercrantz og Kuhl, 2013; Wu, Hou, Peng o.fl., 2022). Börn hafa meðfædda hæfileika til þess að læra tungumál og talað er um máltökuskeið þegar þau eru sem næmost fyrir áhrifum og byrja að mynda hljóð. Börn byrja að mynda hljóð strax um eða eftir fæðingu, þegar þau byrja að gráta, hósta, hiksta og ropa en þau hljóð teljast ekki til máls. Það er

ekki fyrir en börnin eru orðin 6 mánaða að þau byrja að hjala og svo breytist hjalið um 10 mánaða aldur þannig að börnin fara að bæta við fleiri samhljóðum (Otto, 2018, bls. 98–99). Á þessum aldri fara að koma fram hljóð eins og „mama“ eða „baba“ sem hafa ekki endilega merkingu fyrir en foreldrarnir sýna jákvæða svörun og tengja sig við hljóðin. Eftir því sem þau eldast fara börn svo að reyna að tala og búa til orð. Fyrstu orðin koma fram um eins eða eins og hálfis árs aldur, eru einföld í sniðum og um fólk, dýr í umhverfinu eða hluti sem ung börn geta handleikið (Otto, 2018, bls. 110-111). Á þessum aldri koma fram orð eins og „bolti,“ „bíll“ eða „epli“ þegar börnin fara að biðja um hluti og eiga í meiri samskiptum við fullorðna fólk í kringum sig. Næsta stig máltöku er svo tveggja orða stigið þar sem börnin fara að setja saman tvö orð (Otto, 2018, bls 117). Þetta geta verið stuttar setningar eins og „mamma bílinn,“ „Anna mjólk“ eða „afi traktor.“ Á þessu stigi málsins eru börnin farin að tala um hluti sem eru ekki til staðar en sem eru börnum hugleikin. Eftir því sem þau eldast verður setningaskipan þeirra flóknari og orðafjöldinn lengri og yfirleitt hafa þau náð tókum á móðurmáli sínu við 4–5 ára aldur en þá byrja þau að þroska þekkingu sína á því (Otto, 2018, bls 241). Börn læra tungumál með því að hlusta á foreldra sína, en einnig geta aðrar innlagnaraðferðir komið til. De Houwer (2009, bls. 97) bjó til hugtakið „málfræðilegt landslag (e. *linguistic soundscape*)“ til að ná yfir þá ólíku félagslegu hópa sem börnin gætu tilheyrt og heyrt tungumál frá, en einnig þá hljóðmiðla (líkt og útvarp) eða einstaklinga sem þau heyra tal frá en tilheyra ekki félagsneti þeirra. Til dæmis gætu lög í útvarpinu eða barnaefnið í sjónvarpinu verið hluti af málfræðilegu landslagi og haft áhrif á málþróun og orðaforða, jafnvel á þá vegu börnin geta lært orð eða lög á öðru tungumáli án vandræða. Einnig eru samræður við afa og ömmur mikilvægur hluti af þessu landslagi og geta hjálpað börnum að sjá gildin í því að viðhalda tungumálum í staðinn fyrir að hætta að nota þau (Lanza, 2021).

Máltaka tvítyngdra barna getur verið breytileg eftir því hvenær þau byrja að heyra annað tungumálið. De Houwer (2018) gerði greinamun á því hvort börn heyrðu tvö tungumál töluð strax við fæðingu eða hvort þau heyra seinna tungumálið mælt nokkrum mánuðum eða allt að nokkrum árum eftir fæðingu. Í fyrra tilfellinu eru börnin með tvítyngda fyrstu máls innlögn (e. *Bilingual First Language Acquisition* eða *BFLA*; hér eftir skammstöfuð TTFM) og í því seinna snemmbúna seinni máls innlögn (e. *Early Second Language Acquisition* eða *ESLA*; hér eftir skammstöfuð SBSM). Börn með TTFM byrja oft að tala bæði tungumálin samtímis á meðan það getur tekið börn með SBSM allt að fjögur ár að byrja að tala seinna tungumálið (De Houwer, 2018, bls. 131). Börn með TTFM ná að aðgreina tungumálin tvö mjög snemma í sínu þroskaferli og nota þau bæði á meðan börn með SBSM nota helst fyrra tungumálið og læra svo hitt. Þegar talað er um börn með TTFM má ímynda sér að verið sé að tala um börn sem tilheyra heimili þar sem foreldrar tala sitthvort tungumálið þannig að barnið heyri þau frá fæðingu. Þetta á sér stað í fjölskyldum þar sem til dæmis móðirin er íslensk en faðirinn frá öðru landi. Í tilfelli barna með SBSM er um að ræða heimili þar sem báðir foreldrar tala sama tungumálið en mál samfélagsins er annað en tungumál heimilisins. Í þessu tilfelli gætu báðir foreldrar verið íslenskir en fjölskyldan ætti heima í Danmörku eða Frakklandi svo tungumálið sem heyrðist utan heimilisins væri danska eða franska. Börn með TTFM ættu samkvæmt kenningum De Houwer að byrja að segja orð á sitthvoru tungumálinu strax á máltökuskeiði ef foreldrarnir halda sínum tungumálum að þeim á meðan börn með SBSM myndu byrja á því að segja orð á einu tungumáli og læra svo annað tungumál, t.d. þegar þau hefja skólagöngu. Þegar þessar rannsóknir eru heimfærðar upp á íslensk börn sem búa erlendis geta þær útskýrt mismunandi getu barnanna til að tala og læra íslensku í fyrsta lagi, og til að læra önnur tungumál í öðru lagi. Ef íslenskan er lærd með öðru tungumáli

frá fæðingu, þ.e. ef barnið elst upp á heimili með tveimur tungumálum, ætti viðkomandi barn að vera jafnvígt í báðum málum eftir því sem það eldist. Þetta jafnvægi færi þó eftir því hvort innlögn beggja mála er jöfn allt frá fæðingu, til dæmis hvort báðir foreldrar tala jafn mikið við barnið, hvort annað foreldrið talar mál samfélagsins, eða jafnvel hvort barnið heyrir annað málið meira en hitt, til dæmis í gegnum útvarp eða sjónvarp (De Houwer, 2018; Thordardóttir, 2011). Það eru því ýmsir þættir sem geta haft áhrif á hvaða tungumál barn talar og hvort það muni halda áfram að tala það mál eftir því sem það verður eldra.

Annar munur á máltöku ein- og tvítyngdra barna er að eintyngd börn eru líklega með meiri orðaforða í sínu tungumáli en tvítyngd börn kunna fleiri orð á báðum málum þegar orðaforði þeirra er lagður saman (Bialystok o.fl, 2010). Þessi munur er rakinn til mismunandi tíma sem börnin heyrta tungumálið talað (Thordardóttir, 2011). Með öðrum orðum þá eykst orðaforði barns eftir því sem það heyrir tungumálið talað oft og í fjölbreyttara samhengi. Þar að auki skiptir máli hversu oft barnið er í umhverfi þar sem það heyrir málið. Foreldrar sem vilja leggja áherslu á íslensku þurfa því ekki einungis að tala íslensku við barnið heldur tryggja að íslenskan heyrst jafnmikið eða meira en annað tungumál inni á heimilinu og að hún sé notuð í margvíslegu samhengi um fjölbreytt efni. Að lokum hafa rannsóknir De Houwer (2018) sýnt að börn sem læra tvö tungumál frá fæðingu geta aðskilið málfræði síthvora tungumálsins og rugla reglum þeirra ekki saman. Til dæmis ætti barn sem lærði ensku og hollensku að geta aðskilið málfræði þeirra tveggja ef það hefur heyrt bæði tungumálin frá fæðingu. Hins vegar eiga þau börn sem læra eitt tungumál frá fæðingu og svo annað til að heimfæra reglur móðurmálsins yfir á nýja tungumálið og eiga því erfiðara með því að læra það. Í þessu tilfalli gæti barn sem lærði ensku í fyrstu, þar sem nafnorð og sagnorð fylgja saman, átt erfitt með að læra reglur tungumáls eins og hollensku þar sem sagnorðið getur

komið aftast í setningu. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga þegar kemur að íslenskum börnum sem búa erlendis þar sem foreldrum þeirra gæti þótt miserfitt að kenna íslensku miðað við hvaða tungumál og málfræði væri notað í samfélaginu sem þau ættu heima í.

Börn íslenskra foreldra sem búa erlendis hafa annaðhvort fæðst á Íslandi eða erlendis og eru annaðhvort börn með tvítyngda fyrstu máls innlögn eða snemmbúna seinni máls innlögn. Máltaka þeirra hefur því annaðhvort verið eins og hjá eintyngdum börnum eða tvítyngdum. Í þessari rannsókn er miðað við 2–6 ára gömul börn þar sem flest börn eru byrjuð að mynda orð um tveggja ára aldur og orðin altalandi við 6 ára aldur, miðað við þeirra aldur. Á þessu aldursbili verða miklar framfarir í máltöku þótt málið haldi áfram að þróast fram til unglingsára.

## 2.3 Tvítyngi

Börn sem læra íslensku erlendis verða tví- eða fjöltyngd að einhverju eða öllu leyti þar sem þau læra annað tungumál eða fleiri á sama tíma eða seinna. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þar sem ekki er vitað hvort börnin nái að viðhalda íslenskukunnáttu sinni eftir því sem líf þeirra færir meira yfir á málavíð annarra tungumála. Til þess að byrja með er þó nauðsynlegt að útskýra hvað tví- og fjöltyngi er. Evrópusambandið skilgreinir fjöltyngi sem „...eiginleika samfélaga, stofnana, hópa og einstaklinga til þess að nota reglulega meira en eitt tungumál í daglegu lífi þeirra (European Parliamentary Research Service, 2022, bls. 2).“ Hér sést að einstaklingar, fjölskyldur og jafnvel heilu þjóðirnar geta verið tví- eða jafnvel fjöltyngdar og sagan hefur sýnt okkur að tungumálakunnáttu getur verið ómetanlegur kostur í alþjóðasamfélagi. Það er þó erfitt að gera greinarmun á hvenær einstaklingur telst vera tvítyngdur þar sem hægt er að læra nýtt tungumál hvenær sem er á ævinni. Wei (2020, bls. 5) benti á að hægt er að nota aldur og hvernig máltaka hefur farið fram til þess

að skilgreina tví- eða fjöltyngi, þ.e.a.s. hvort einstaklingurinn byrjaði á því að læra tvö tungumál við fæðingu eða lærði seinna tungumál síðar og hvort hann lærði tungumálið í náttúrulegu samhengi, þ.e. frá tví- eða fjöltyngdum foreldrum eða bjó í tví- eða fjöltyngdu samfélagi eða lærði tungumál í skóla. En aldur og hvernig máltaka hefur farið fram gefa engar vísbendingar um hvaða hæfni einstaklingurinn hefur í tungumálunum sem hann hefur lært. Það ræðst frekar af því hversu mikið tungumálin eru notuð (De Houwer, 2018, bls. 146). Einstaklingar geta notað eitt tungumál heima við og annað tungumál í vinnunni, skilið tvö mál en geta einungis lesið á öðru. Einstaklingar sem læra eitt tungumál á heimilinu í æsku geta gleymt því ef því er ekki haldið við með einhverjum hætti og talað einungis mál samfélagsins á fullorðinsárum (Au, Oh, Knightly, Jun og Romo, 2008). Íslendingar sem velja að búa erlendis ásamt börnum sínum þurfa því að ákveða hvort þeir vilji að barnið þeirra læri einungis það tungumál sem fyrir er í landinu, eða hvort eigi að kenna því íslensku og þannig stuðla að tví- eða jafnvel fjöltyngi. Í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar tala íslensku er ákvörðunin auðveld því báðir foreldrar geta talað saman á sínu máli og barnið heyrir því einungis eitt tungumál heima við. En í fjölskyldum þar sem einungis annað þeirra talar íslensku þarf að taka ákvörðun um hvaða mál verður talað við barnið, hvort halda eigi íslensku að barninu á meðan það er hægt og hversu mikla vinnu eigi að leggja í það. En af hverju ættu foreldrar að vilja leggja það á sig?

Áður fyrr þótti ekki nauðsynlegt að kunna fleiri en eitt tungumál. Rannsakendur á sjöunda áratugnum komust að þeirri niðurstöðu að tvítyngi hefði meira að segja neikvæð áhrif á tungumál og hugsun, eða með öðrum orðum að tvítyngd börn voru álitin verr stödd vitsmunalega séð heldur en eintyngd börn (Macnamara, 1967, eins og vísað er til í Spitzer, 2016, bls. 68). Í dag er öldin önnur enda er talið að yfir helmingur mannkyns sé tví- eða

fjöltýngdur (Marian og Shook, 2012). Margar rannsóknir hafa sýnt fram á kosti þess að tala fleiri en eitt tungumál (sjá Kim o.fl., 2019; Marian og Shook, 2012; Spitzer, 2016). Til dæmis virðist tvítýngi seinka komu elliglapa á við Alzheimers (Kim o.fl., 2019), eykur hæfni ungbarna til þess að aðlagast breytingum í umhverfinu (Marian og Shook, 2012) og hefur áhrif á hugræn stýriferli (e. *executive function*) á þann hátt að börn eiga auðveldara með velja hvar þau halda og beita athyglinni (Spitzer, 2016). Einnig eykur það atvinnumöguleika að kunna fleiri tungumál sem og eykur víðsýni (Fox, Corretjer og Webb, 2019). Það er því til mikils að vinna fyrir íslenskar fjölskyldur erlendis að byrja snemma að leggja inn íslensku hjá börnum sínum og stuðla þannig að tví- eða fjöltýngi.

Rannsóknir á tvítýngdum börnum hafa aðallega skipst í tvennt á Íslandi. Annars vegar hefur verið fjallað um þau börn sem læra íslensku sem annað tungumál og hins vegar þau sem hafa íslensku að móðurmáli en læra annað tungumál þar að auki. Hér má til dæmis nefna rannsókn Hörpu Sifjar Þorsteinsdóttur og Rannveigar Oddsdóttur (2021) en þær stöllu notuðu námsefnið Orðaleik til þess að kenna börnum með íslensku sem annað tungumál meiri orðaforða í útikennslu. Niðurstöður þeirra sýndu að orðaforðakennsla sem fléttuð er inn í daglegt (leiksskóla)starf getur skilað góðum árangri. Eins má hér nefna rannsókn Anetu Figlarska, Rannveigar Oddsdóttur, Samúel Lefever og Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2017) sem sýndi að íslenskur orðaforði pólskra barna sem áttu tvo pólska foreldra var mun slakari en orðaforði eintýngdra íslenskra barna á sama aldri á meðan pólski orðaforðinn var innan viðmiðunarmarka fyrir eintýngd pólsk börn. Ef þessar niðurstöður eru heimfærðar upp á íslensk börn sem búa erlendis þá gefa þær þá vísbindingu að íslenskukunnátta þeirra gæti verið jafnvíg kunnátta þeirra sem búa á Íslandi, að því tilskyldu að báðir foreldrar séu íslenskir. Í fjölskyldum þar sem aðeins annað foreldrið er íslenskt má velta fyrir sér hvort



Íslenskukunnátta barnanna sé lakari en í hinum fjölskyldunum. Rannsókn Írisar Eddu Nowenstein og Sigríðar Sigurjónsdóttir (2021) er svo dæmi um rannsókn á íslenskum börnum á Íslandi sem eru að tileinka sér annað tungumál, í þessu tilfalli ensku. Niðurstöður þeirra sýndu að ensk málnotkun spái enn sem komið er að litlu leyti fyrir um íslenskufærni barna á aldrinum 3–12 ára, a.m.k. þeirra sem búa á Íslandi.

Þær rannsóknir sem hafa beinst að íslensku sem öðru tungumáli hafa sýnt að börnum innflytjenda gengur hægt að tileinka sér tungumálið. Þannig sýndi rannsókn Elínar T. Þórðardóttur og Önnu Guðrúnu Júlíusdóttur (Thordardóttir og Juliusdóttir, 2013) að þrátt fyrir langa dvöl á Íslandi náðu börn innflytjenda ekki að tileinka sér jafnmikinn orðaforða eins og innlendu börnin. Þetta töldu þær að gæti verið út af því að íslenskan er málfræðilega flókið tungumál í samanburði við t.d. ensku, sem og að íslenskan er ekki mikilvæg í efnahagslegum skilning á heimsvísu. Einnig má hér nefna rannsókn Hjördísar Hafsteinsdóttur, Jóhönnu T. Einarsdóttur og Iris Eddu Nowenstein (2022) sem sýndi að tvítyngd börn sem búa á Íslandi tjáðu sig í styttri setningum og notuðu færri og ekki eins fjölbreytt orð og eintyngdir jafnaldrar þeirra. Í kjölfarið má spyrja sig hvort upplifanir barna sem búa erlendis séu eins, þ.e. að orðaforði þeirra sé takmarkaður út af því að íslenskan sé erfitt tungumál til þess að leggja stund á. Einnig má velta fyrir sér hvort að námsefnið sem er notað sé nógu gott. Mikil áhersla hefur verið lögð á að búa til námsefni fyrir innflytjendur og aðra, og þar með talið börn, sem hafa íslensku sem annað tungumál. Hægt er að finna námsefni á netinu fyrir þennan hóp, eins og til dæmis í Fræðslugátt Menntamálastofnunar (Menntamálastofnun, e.d.-a), Orðaleik (Orðaleikur, e.d.) eða Icelandic Online (Icelandiconline.com, e.d.-a). Efnið þar inni miðast þó einungis við börn sem búa á Íslandi eða hafa íslensku sem annað tungumál

og því er ekki vitað hvort það sé hentugt fyrir aðra hópa eins og íslensk börn erlendis.

Ein nálgun sem hefur ekki enn verið minnst á er að skoða íslensku sem erfðarmál (e. *heritage language*). Polinsky og Kagan (2017) notuðu skilgreiningu Guadalupe Valdes frá árinu 2000 á mælendum erfðarmáls (e. *heritage speakers*) sem „...fólk sem elst upp á heimili þar sem annað tungumál en enska er talað og sem eru að einhverju leyti tvítyngdir í ensku og erfðarmálinu (Valdes, 2000 eins og vísað er í hjá Polinsky og Kagan, 2007, bls. 371).“ Þetta á einnig við um íslensku sem erfðarmál. Það sem aðgreinir þessa skilgreiningu frá skilgreiningunni á tví- og fjöltyngi er sú staðreynd að börnin kynnast fyrst erfðarmálinu en skipta svo yfir í ráðandi tungumálið eftir því sem þau eldast og verða hæfari í því. Íslenska verður erfðarmál þegar börn kynnast henni á æskuheimili sínu, t.d. hjá einu foreldri eða báðum foreldrum, og heyra hana talaða, en skipta svo yfir í annað tungumál eins og tungumál samfélagsins þegar þau verða eldri, þ.e.a.s. ef börnin búa ekki á Íslandi. Þetta ferli er þekkt um allan heim og eru mörg dæmi um hvernig börn geta ekki talað við afa sína eða ömmur sem eiga heima í upprunalandi foreldranna. Au, Knightly, Jun og Oh (2002) sýndu þó fram á að fullorðnir einstaklingar sem heyrðu reglulega tungumál talað í barnæsku, hættu svo að tala það en lærðu það aftur síðar voru með betri framburð í því tungumáli þegar þeir lærðu það aftur á fullorðinsárum heldur en þeir sem heyrðu það ekki talað. Þetta má túlka sem svo að með því að kynna tungumál strax fyrir börnunum í barnæsku þá hefur það góð áhrif á framburð eftir því sem þau eldast. Með þetta í huga má velja fyrir hvort að það sé ekki gott fyrir íslenska foreldra að kynna íslensku fyrir börnunum sínum um leið og hægt er ef einungis til þess að hjálpa þeim að læra tungumálið aftur á fullorðinsárum. Einnig sýndu Au, Oh, Knightly, Jun og Romo (2008) fram á að fullorðnir einstaklingar sem lærðu að tala ákveðið tungumál, í þessu tilfelli

spænsku, fyrir 7 ára aldur en hættu svo að tala það þangað til þeir byrjuðu að læra tungumálið aftur um 14 ára aldur, voru með betri framburð og málfræðiþekkingu á því tungumáli heldur en samanburðarhópur. Þetta þýðir að með því að leggja áherslu á að tala íslensku á heimilinu gætu íslenskir foreldrar auðveldað börnum sínum að læra íslensku aftur þegar þau verða eldri jafnvel þó þau hætti að læra og tala tungumálið um einhvern tíma.

Að lokum má benda á að íslenskar rannsóknir á fjölskyldum sem búa erlendis og tala íslensku sín á milli hafa verið mjög takmarkaðar, upp að því marki að einungis þrjár rannsóknir fundust í heimildaleitinni. Í fyrsta lagi var um að ræða BA ritgerð þar sem tvítýngi var skilgreint og íslensk-ítölsk fjölskylda skoðuð (sjá Ölmú Sól Morelli, 2019) og í öðru lagi var um að ræða doktorsrannsókn á málanámi ungrar stúlku á bæði íslensku og ensku (Bohnacker, 1998). Þar kom fram hæfileiki „Kötlú“ í að aðgreina málfræði þessara tveggja tungumála strax frá unga aldri. Þriðja og seinasta rannsóknin sem fannst var gefin út árið 2022 og var um kortlagningu námsefnis á netinu. Þar tóku þrjár íslenskar fjölskyldur búsettar erlendis þátt í könnun um viðhorf fjölskyldna til notkunar á námsefni í sjálfsnámi barna (Branislav Bédi og Kelsey Paige Hopkins, 2022). En með það í huga að það hafa einungis þrjár rannsóknir verið gerðar á Íslendingum erlendis má segja að lítið er vitað um þennan hóp og hvort íslenskir foreldrar hafi áhuga á því að örva málkunnáttu barna sinna. Það er ekki heldur vitað hvernig það er gert ef þeir hafa áhuga á því að viðhalda tengslum við íslensku. Það er því mikil þörf á því að skoða þennan hóp nánar til þess að athuga hvort efla þurfi íslenskunám hans. Í næsta kafla verður fjallað betur um hvernig íslenskir foreldrar geta tekið meiri þátt í máltöku og tungumálanámi barna sinna.

## 2.4 Þátttaka foreldra í máltöku og tungumálanámi

Af fyrrgreindu efni í þessari ritgerð má sjá að máltaka barna hefst með samskiptum við foreldra sína. Foreldrar eru í lykilhlutverki þegar kemur að því að kenna tungumál heimilisins. Það að tala við barnið á aldursmiðaðan hátt frá fæðingu þess er besta leiðin til þess að kenna því að tala. Til dæmis sýndi rannsókn Zimmerman og féлага (2009) að foreldrar ættu ekki bara að lesa fyrir börnin sín til þess að leggja inn orð heldur ættu þeir að eiga í gagnkvæmum samskiptum, þ.e. samskiptum þar sem báðir aðilar taka þátt, við börnin. Foreldrar sem vilja kenna börnum sínum íslensku þurfa því að tryggja að barnið heyri tungumálið mælt í gegnum lestur, söng eða samræður og að barnið taki þátt í samræðunum.

Þegar fjölskyldur búa í landi þar sem tungumálið sem talað er heima er annað en tungumálið sem talað er í skólanum, fellur ábyrgðin á að kenna heimamálið í skaut foreldranna eða foreldrisins sem talar það. Innan fjölskyldunnar markast stefnan sem tekið er tillit til þegar móðurmál eða tungumál eru notuð. Leiðarvísir Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi (2020, bls. 15) fjallar einmitt um mikilvægi þess að fjölskyldur marki sér stefnu með hvernig tungumál séu notuð innan þeirra, þ.e. hvort það sé einungis notað eitt tungumál innan veggja heimilisins og annað utan þess, hvort eitt tungumál sé notað af einu foreldri og annað af hinu eða hvort aðrar aðferðir séu notaðar. Foreldrar sem marka sér stefnu í því að tala ákveðin tungumál innan heimilisins gera máltöku barna sinna markvissari og líklegri til árangurs. Að sama skapi getur þátttaka foreldra í málörvun tvítyngdra barna haft áhrif á málakunnáttu þeirra (Caesar og Nelson, 2013) eða eins og De Houwer (2018) minntist á þá hefur magn samtala við barnið áhrif á hve góðum tökum það nær á tungumálinu. Í rannsókn De Houwer (2007) kom fram að til þess að tryggja árangur í málanámi

minnihlutatungumáls, í þessu tilfelli íslensku, þyrftu báðir foreldrar að tala minnihlutamálið og einungis annað foreldrið að kunna líka meirihlutatungumál landsins. Afstaða og hegðun foreldra getur því skipt sköpum fyrir máltöku barna. Einnig sýndi rannsókn Li (2013) að foreldrar sem tala annað tungumál innan veggja heimilisins en það sem talað er utan þess og sem tala daglega við börnin sín hafa mikil áhrif á þróun tvítungis barna sinna og að það er betra fyrir foreldrana að taka fyrstu skrefin í málörvuninni heldur en að bíða eftir því að skólarnir geri það. Telja má því að íslenskir foreldrar erlendis sem vilja leggja áherslu á að börnin læri íslensku þurfi að taka þátt í málörvun barnanna með því að lesa íslensku heima og læra með börnunum til þess að tryggja góða málakunnáttu.

En þá má spyrja hvaða efni foreldrarnir eru að nota til þess að kenna börnum sínum íslensku. Hlutverk íslenskra leikskóla og grunnskóla er meðal annars að kenna börnum íslensku svo þau geti orðið sjálfstæðir og fullnuma þátttakendur í lýðræðislegu þjóðfélagi (Mennta- og menningarráðuneytið, 2013, bls. 106). Í leikskólum er þetta gert með því að lesa bækur, syngja lög, læra um tölur, fara með vísur og ljóð og leyfa börnunum að kynnast ólíkum sviðum í lífinu sem auka orðaforða þeirra. Til dæmis fá börn reglulega tækifæri til að fara út fyrir leikskólann og skoða margvíslega hluti sem finnast þar. Í gönguferðum úti í náttúrunni er hægt að læra orð eins og „birkitré,“ „spói“ eða „steinvala“ sem víkkar orðaforða nemendanna fram yfir „tré,“ „fugl“ eða „steinn.“ Oft eru einnig skipulagðar heimsóknir í leikskólann þannig að börnin fái að kynnast starfi slökkviliðsmanna eða tannlækna og þannig líka orðaforðanum sem fylgir þeim sviðum. Til viðbótar hefur færst í aukana að kennarar noti spjaldtölvur inni á deildum til þess að kynna efni fyrir börnunum eða nota í kennslu. Það er óvíst hvort íslenskir foreldrar sem búa erlendis átti sig á því hvaða efni er hægt að nota til þess að auka orðaforða barna sinna eins

og er gert á leikskóla þar sem ekki eru til sérstakar stuðningssíður eða upplýsingaveitur þar sem foreldrum er bent á námsefni. Einnig er ekki vitað hvort það efni sem er til henti fyrir Íslendinga erlendis þar sem ekkert af því er sérstaklega eyrnamerkt fyrir íslensk börn sem búa utan Íslands. Á vef Menntamálastofnunar má finna námsefni fyrir börn á leikskólaaldri, eins og til dæmis bækurnar *Markviss málörvun*, „*Orðaforðalisti*“ og *Vísur og þulur*, sem kennarar og foreldrar geta nýtt sér til þess að styðja við máltöku og málþroska barna (Menntamálastofnun, e.d.-b). Það er þó ekki vitað hvort foreldrar styðjist mikið við efnið þar inni. Önnur leið sem foreldrar hafa til þess að hjálpa börnum sínum að læra íslensku er að kaupa margvíslegt íslenskt efni og fá það sent. Til dæmis er hægt að kaupa bækur, DVD diska með íslenskum texta eða talsetningu, nota hljóðbækur eða setja upp íslenskar útvarpsstöðvar, svo fátt eitt sé nefnt. Einnig gætu foreldrar notað Lubbaefnið, ef þeir vita af því. Það eru því til ýmsar leiðir sem íslenskir foreldrar erlendis hafa til þess að örva máltöku barna sinna.

Einn ónefndur þáttur sem taka þarf til greina er viðhorf foreldra gagnvart því efni sem þeir nota við íslenskukennslu. Í markaðssálfræði er þekkt að ef neytendur eru jákvæðir gagnvart vöru þá eru þeir líklegri til að nota hana. Hið sama gildir um kennsluefni. Ef foreldrar eru jákvæðir gagnvart því efni sem þeir nota eru þeir líklegri til þess að nota það. Hið gagnstæða er einnig rétt, þ.e. að ef foreldrar eru neikvæðir gagnvart efni, eða verra, finna ekki efnið, þá er kennsluefnið ekki notað. Þar af leiðandi var mikilvægt að skoða viðhorf foreldra gagnvart því kennsluefni sem þeir gætu notað svo hægt væri að sjá hvort það uppfyllti þarfir þeirra eða hvort einhverja breytinga væri þörf.

## 2.5 Fyrirliggjandi námsefni

Foreldrar sem vilja kenna börnum sínum íslensku erlendis frá geta leitað fanga bæði á netinu og utan þess. Hægt er nálgast efni í formi bóka, sjónvarpsefnis,

leikrita, ljóða, tölvuleikja og margra annarra leiða sem einungis ímyndunaraflíð takmarkar. Í leikskóla er hægt að nota allt sem kveikju að samtali og málörvun ásamt því að nota efnið sem fjallað var um hér að ofan. Á grunnskólastigi hafa kennarar verið duglegir við að nota smáforrit eða forrit til að búa til efni sérstaklega fyrir börn af erlendum uppruna en lítið er vitað hvort íslenskir foreldrar erlendis geri slíkt. Í þessum kafla verður stiklað á stóru yfir það efni og aðferðir sem til eru svo lesandinn sjái hvað sé hægt að nota til þess að kenna íslenska tungu.

Í fyrsta lagi er hér hægt að nefna bækur. Á hverju ári er gefinn út fjöldi barnabóka sem foreldrar geta notið með börnum sínum og lesið með þeim eða leyft þeim að lesa sjálf. Þetta fer auðvitað eftir aldri barnanna. Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2015) gerði rannsókn á þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings hjá börnum á milli fjögurra og fimm ára aldurs og komst að því að fjöldi barnabóka á heimilinu hafði marktæka fylgni við orðaforða hjá börnum á þessum aldri. Þess vegna er mikilvægt fyrir foreldra að vera duglegir að koma með barnabækur inn á heimilið. Ekki er hægt að gera tæmandi lista yfir þær bækur sem eru til og eru góðar fyrir máltöku en allar bækur eru góðar ef þær ná að höfða til barnsins. Góðar bækur eiga það þó sameiginlegt að fjalla um hugarefni barnanna, eru með myndir sem höfða til þeirra, eru með áhugavert og fjölbreytt málfar, hafa sögupersónur sem börnin tengja við og eru með aldurssamsvarandi efni og tungumál ásamt fleiri þáttum sem verða ekki upptaldir hér (Booka, e.d.). En eitt er víst að bækur eru nauðsynlegt tæki, þar sem þær geta dýpkað orðaforða samkvæmt þriggja-stiga skiptingu Beck, McKeown og Kucan (2013, bls. 9). Sú kenning segir okkur að orðaforða megi skipta í þrennt, þ.e. undirstöðuorð, orð sem notuð eru af þroskuðum notendum tungumálsins og geta komið í rituðu máli og að lokum sérhæfð orð sem notuð eru sjaldan. Orð í fyrsta flokknum eru orð eins og „bíll,“ „borða“ og

„sokkur.“ Orð í öðrum flokki væru til dæmis „eimreið,“ „handbragð“ og „sokkaleistar.“ Þessi orð koma sjaldan fyrir í venjulegum samræðum en hafa hátt notagildi fyrir mælendur tungumáls og má helst finna í bókum. Að lokum eru orð eins og „málþóf,“ „undirstúka“ og „álka“ dæmi úr þriðja flokknum. Þau tilheyra sérhæfðum málefnum eða lénum eins og líffræði eða félagsvísindum. Börn læra orð úr hverjum flokki eftir því sem þau eldast og kynnast tungumáli meira. Hér má ekki heldur gleyma mikilvægi þess að foreldrar eða aðrir fullorðnir lesi fyrir börnin þar sem sá lestur getur hjálpað börnunum að tengja saman talmál og ritmál. Þekkingin sem hlýst af því að lesa bækur er því mikilvæg fyrir börn sem eru að auka orðaforða sinn.

Í öðru lagi er hægt að nota íslenska tónlist. Tónlist er að jafnaði mikið í umhverfi okkar, hvort sem kveikt er á útvarpi á morgnana, hlustað í bílnum eða hlustað á hana í sjónvarpinu. Jafnvel má kaupa bækur nú til dags sem leyfa lesandanum að heyra tónlistardæmi eða hljóð á meðan lesið er. Úrval og aðgengi tónlistar á netinu hefur aukist verulega undanfarin ár og með tilkomu forrita eins og Spotify eiga íslenskir foreldrar auðveldara með að spila íslenska tónlist hvar sem þeir eru staðsettir í heiminum. Þar inni má einnig finna margvísleg íslensk barnaleikrit sem gott er að leyfa barninu að hlusta á. Til dæmis eru Kardemommubærinn og Dýrin í Hálsaskógi (eftir Thorbjörn Egner) löngu orðin sígild hlustunarefni, sem og Ávaxtakarfan. Rannsóknir hafa sýnt að tónlistarhlustun hefur áhrif á margvíslega þætti í námi og þar á meðal tungumálanám (Amin og Soh, 2020). Í leikskólum er tónlist notuð á margvíslegan hátt, bæði til þess að kynna lög eða vísur fyrir börnunum, róa þau niður í hvíldarstund eða auka stuðið á föstudögum. Foreldrar gætu því notað íslenska tónlist sem fyrsta skrefið í að kynna íslenska menningu fyrir börnunum og bæta henni við í íslenskukennslu.



Í þriðja lagi geta íslenskir foreldrar notað íslenskt sjónvarpsefni þó rannsóknir bendi til þess að það fari eftir aldri barnanna og gæðum sjónvarpsefnisins hvort það dugi til málörvunar. Rannsóknir hafa bent til þess að tungumál sem notað er í sjónvarpi geti haft áhrif á málakunnáttu tvítyngdra barna (De Houwer, 2000; Dixon, 2011) sem þýðir að áhorf á efni á því máli sem barnið á að læra getur aukið málakunnáttu þess. Maguire-Fong (2020, bls. 111) mælti líka með því að fullorðnir séu með börnum sínum þegar horft er á sjónvarp eða stafræna miðla svo börnin geti átt í innihaldsríkum samræðum á meðan eða eftir þættina. Hægt hefur verið að nálgast íslenskt barnaeefni inni á KrakkaRÚV þó svo að foreldrar þurfi að setja upp VPN tengingu til að ná í það. Það hefur þó verið miserfitt að ná í efnið þar inni. Önnur nýleg þróun er sú að streymisveitur á borð við Disney+ og Netflix eru nú farnar að bjóða upp á efni með íslenskum texta eða íslensku tali. Þetta er góð þróun þar sem foreldrar þurfa ekki að leita til ættingja eða vina til þess að senda DVD diska yfir heiminn endilangan einungis til þess að heyra íslenskt tal. Í þessum efnum þurfa foreldrar þó að vera meðvitaðir um aldur barnsins og takmarkaða athyglisgáfu. Tveggja ára börn geta ekki haldið athygli í tvo tíma, sérstaklega ef efnið er fyrir ofan þeirra þroskastig, og því miður býður Netflix einungis upp á kvikmyndir með íslensku tali í staðinn fyrir stutta þætti. Þá má finna á veitum á borð við Youtube þar sem hægt er að finna eitthvað úrval af stuttu barnaeefni en ef efnið er ekki endurnýjað er hætt við að börnum fer að leiðast það og þau hætti að horfa á það.

Í fjórða lagi geta foreldrar sem hafa áhuga á því að kenna börnum sínum íslensku leitað fanga á netinu. Það er til gríðarlegt magn af námsefni á netinu fyrir börn með íslensku sem móðurmál og sem annað tungumál og virðist hægt að finna æ meira af efni eftir því sem leitað er lengur. Í þessari rannsókn var

ákveðið að nota eftirfarandi síður til þess að athuga hvort foreldrar könnuðust við þær:

- **Orðagull:** Orðagull<sup>1</sup> er smáforrit sem hægt er að setja í símann og á að „...styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu nemenda.“ Forritið hentar elstu börnum í leikskóla og börnum á yngsta stigi grunnskóla. Það mátti upprunalega finna á síðunni snjallskoli.is en hefur nú flutt sig um set og finnst á Google Play. Í smáforritinu geta börn æft íslenskuskilning, teiknað, litað og hlustað á íslensku. Forritið var hannað af Bjartey Sigurðardóttur, talmeinafræðingi og læsiráðgjafa hjá Menntamálastofnun og Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi hjá skrifstofu fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar (Mussila, 2020).
- **Lærum og leikum með hljóðin:** Lærum og leikum (<https://laerumogleikum.is/>) er vefsíða þar sem hægt er að kaupa námsefni til að „...undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur (Bryndís Guðmundsdóttir, e.d.). Efnið var hannað af Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðingi og inniheldur það bækur, framburðartöskur, geisladisk og límmiða, svo fátt eitt sé nefnt. Foreldrar geta keypt það á síðunni og einnig fengið aðgang að smáforritum með leikjum til að setja í Iphone.
- **Orðaleikur:** Orðaleikur (<https://ordaleikur.msha.is/>) er námsefni fyrir börn af erlendum uppruna, hannað af Rannveigu Oddsdóttur, lektor við kennaradeild HA og Írisi Hrönn Kristinsdóttur sérfræðingi við Miðstöð skólaþróunar við HA. Á síðunni má finna handbók um hvernig nota megji efnið, myndasöfn, rafbækur og fleira (Orðaleikur, e.d.).
- **Tungumálatorg:** Tungumálatorgið (<https://tungumalatorg.is>) var skilgreint í Menntamálaráðuneytinu árið 2008 og vefsíðan svo opnuð árið 2010 (Tungumálatorg, e.d.). Síðan var virkust á árunum 2010 til 2014 en svo fór starfsemin að minnka. Þó má enn finna þar nokkrar undirsíður sem hægt er að nýta í kennslu. Þar eru til dæmis síðurnar „Íslenska sem annað mál,“ „Íslenska fyrir útlendinga,“ „Menningarmót“ og fleiri. Einnig var hægt að finna þar flipa með

---

<sup>1</sup> <https://play.google.com/store/apps/details?id=is.rosamosi.ordagullremaster&hl=is>

nafninu „Íslenska erlendis“ eins og áður hefur komið fram, en búið er að fjarlægja hann.

- **Miðja máls og læsis:** Þetta er síða (<https://mml.reykjavik.is/>) sem þekkingarteymi ráðgjafa heldur úti um hvernig megi efla mál og læsi barna. Ráðgjafarnir fara á vettvang og „..veita kennurum og starfsfólki í skóla og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu (MML, e.d.)“. Á síðunni má finna margvíslegan fróðleik sem tengist máli og læsi, eins og til dæmis upplýsingar um hljóðfræði, setningarfræði og lesskilning. Einnig fylgja með upplýsingar hvernig vinna megi með þessi hugtök fyrir kennara. Þar að auki má þar finna leiðbeiningar til foreldra um hvernig efla megi mál og læsi barna og bæklinga sem er raðað eftir aldri barnsins.
- **Íslenska á netinu:** Icelandic Online (<https://icelandiconline.com>) er síða á netinu sem sérhæfir sig í íslenskunámskeiðum fyrir fullorðna útlendinga á netinu. Hægt er að velja um sex námskeið sem eru ókeypis og sem færa nemandann frá byrjunarstigi upp í meiri kunnáttu á íslensku (Icelandic online, e.d.-a). Nýjasta viðbótin við vefinn er svo vefur fyrir börn þar sem fjöltýngd börn á aldrinum 5 til 7 ára geta lært að lesa á íslensku (Icelandic online, e.d.-b).
- **Fræðslugátt Menntamálastofnunar:** Í Fræðslugátt Menntamálastofnunar (<https://fraedslugatt.is/>) má finna námsefni fyrir börn á öllum skólastigum og þar með talið efni fyrir börn með íslensku sem annað tungumál. Til dæmis eru þar lestrarbækur, skrifarbækur, gagnlegt efni tengt málþroska og læsi og fleira. Síðunni er skipt eftir námsstigum og því er auðvelt að leita að efni fyrir börn á ákveðnum aldri. Efnið takmarkast ekki við íslensku heldur má finna námsefni tengt t.d. list- og verkgreinum, náttúrugreinum og fleira.

Þessi listi er ekki tæmandi yfir þær síður sem innihalda íslenskt námsefni á netinu. Fyrir ítarlegri lista má leita fanga í rannsókn Branislav Bédi og Kelsey Paige Hopkins (2022) um kortlagningu rafræns námsefnis í íslensku sem öðru máli. Hér eru ónefndir aðilar á netinu eins og Nordic Trailblazers sem bjóða upp á íslenskukennslu fyrir börn og unglinga sem búa erlendis, en forsprakkar þess fyrirtækis starfa samkvæmt aðalnámskrá grunnskólans á Íslandi (Nordic

Trailblazers, e.d.). Það má því finna nóg úrval af kennsluefni á netinu ef viljinn er fyrir hendi.

## 2.6 Tilgangur þessarar ritgerðar

Það er mörg horn að líta þegar kemur að því að styrkja stöðu íslensku erlendis. Íslenskar fjölskyldur, hvort sem annar eða báðir foreldrar eru íslenskir, hafa átt við ramman reip að draga þar sem þær hafa þurft að kenna íslensku án þess að fá mikinn stuðning frá íslenskum yfirvöldum. Markmið þessarar ritgerðar var að varpa ljósi á hvort og hvernig þessar fjölskyldur kenna börnum sínum íslensku og með hvaða efni. Í ljósi ofangreindrar umfjöllunar voru eftirfarandi spurningar settar fram í þessari rannsókn:

1. Hvernig kenna íslenskir foreldrar búsettir erlendis börnum sínum íslensku?
2. Hversu ánægðir eru foreldrarnir með það efni til að kenna börnum sínum íslensku?
3. Hvaða stuðning telja foreldrar sig þurfa til þess að kenna börnum sínum íslensku?

## 3 Aðferðafræði

Í þessum kafla verður sagt nánar frá þeim aðferðum sem beitt var í þessari rannsókn. Hér verður fjallað um rannsóknarsnið hennar, spurningalistann sem búinn var til, þátttakendur sem tóku þátt, framkvæmd hennar, hvaða úrvinnslu var beitt til að vinna úr niðurstöðunum og hvernig tekist var á við álitamál og siðferðileg atriði.

### 3.1 Rannsóknarsnið og aðferð

Til þess að kynnast betur Íslendingum erlendis og börnum þeirra var gerð megindleg þversniðsrannsókn í þessu verkefni þar sem lögð var spurningakönnun fyrir þátttakendur. Þetta rannsóknarsnið er lýsandi rannsókn þar sem leitast var við að lýsa ákveðnum fyrirbærum og samböndum án þess að grípa inn í það sem mælt er (Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2021, bls. 417). Einnig var þetta frumrannsókn þar sem átti að afla nýrra upplýsinga. Þetta rannsóknarsnið var valið þar sem ætlunin var ekki að hafa áhrif á íslensku fjölskyldurnar sem búa erlendis, heldur einungis kynnast ástandinu sem þær búa við þar sem það hafði ekki verið gert áður. Þversniðsrannsóknir skoða núverandi viðhorf, trú, skoðanir eða venjur hjá hópunum sem eru skoðaðir samkvæmt Creswell og Guetterman (2021, bls. 430). Þar sem hér var um að ræða lýsandi þversniðsrannsókn var einungis einn hóp notaður, þ.e. foreldrar barna sem búa erlendis.

### 3.2 Þátttakendur

Í þessari rannsókn tóku þátt 180 manns sem fundnir voru í gegnum ýmsa hópa á Facebook. Þessir hópar voru Íslendingar í útlöndum, Íslendingar í London,

Íslendingar í Noregi, Íslendingar í Danmörku og svo framvegis. Til þess að taka þátt í öllum spurningalistanum þurfti fólk að uppfylla þrjú skilyrði. Þau voru að eiga börn á aldrinum 2–6 ára, að annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku og að þau byggju erlendis. Af þeim 180 manns sem tóku þátt upprunalega voru 124 einstaklingar sem uppfylltu öll skilyrðin og svöruðu öllum spurningum listans. Hinir 56 svöruðu einungis seinustu tveimur spurningum listans og bakgrunnsspurningum. 133 konur og 16 karlmenn svöruðu listanum en 34 einstaklingar slepptu því að svara spurningum um kyn. Tafla 1 sýnir aldursdreifingu svarenda.

Tafla 1: Aldursdreifing þátttakenda

Aldur	Hlutfallstíðni (%)	Rauntölur
18–20 ára	0	0
21–30 ára	9	14
31–40 ára	52	78
41+	38	57

Menntunarstig þátttakenda var á breiðu bili eins og sést í töflu 2.

Tafla 2: Menntunarstig þátttakenda

Menntun	Hlutfallstíðni (%)	Rauntölur
Grunnskólamenntun	5	7
Stúdentspróf	7	10
Iðnmenntun	7	11
Háskólamenntun	80	118
Önnur	1	2

Langflestir þátttakendur eða um 80% (118 manns) voru með háskólamenntun á meðan 20% (30 manns) voru með aðra menntun. Af þeim höfðu aðeins 7 manns lokið grunnskóla og 21 þátttakandi hafði lokið stúdentsprófi eða iðnmenntun. Tveir þátttakendur sögðust vera með aðra menntun en þá sem var í boði í valkostunum. 87% þátttakenda eða 130 manns sögðust búa í Evrópu þegar þeir svöruðu spurningalistanum. 12 þátttakendur voru búsettir í Bandaríkjunum, tveir í Kanada og einn í Asíu. Þegar spurt var um hjúskaparstöðu sögðust 8 þátttakendur vera einhleypir, 42 voru í sambúð, 92 giftir og 7 voru fráskildir.

### 3.3 Spurningalistinn

Spurningalistinn sem notaður var í þessari rannsókn var búinn sérstaklega til fyrir hana og innihélt 55 spurningar. Fyrstu þrjár spurningarnar voru hæfisspurningar þar sem spurt var um hvort þátttakendur ættu börn á aldrinum 2–6 ára, hvort annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku og hvort fjölskyldan byggji erlendis. Síðan komu 47 spurningar þar sem spurt var um hvaða gögn eða aðferðir foreldrar notuðu til þess að kenna börnum sínum íslensku, viðhorf foreldra til þessara gagna eða aðferða og álit foreldra á íslenskunámi barna sinna. Einnig voru foreldrar spurðir um hvaða aðkomu stjórnvöld ættu að vera með til íslenskukennslu barna erlendis. Notaðar voru tvíkostabreytur, nafnkvarði og raðkvarði með Likert-kvarða en einnig voru þrjár opnar spurningar þar sem foreldrar gátu komið með nánari svör á ákveðnum atriðum. Í lokin komu fimm bakgrunnsspurningar þar sem spurt var um kyn, aldur, menntunarstig, búsetu og hjúskaparstöðu (sjá Viðauka I).

### 3.4 Framkvæmd

Spurningalistinn var opnaður fyrir þátttakendur í desember 2022 og var opinn fram í miðjan janúar 2023. Settur var hlekkur í spurningalistann á SurveyMonkey inn á fyrrnefnda hópa á Facebook og hópsmeðlimir beðnir um að taka þátt. Þátttakendur gátu tekið þátt hvenær og hvar sem hentaði þeim og þurftu einungis að nota tölvur eða farsíma til að taka þátt. Með því að smella á tengil var þátttakendum beint inn á síðu þar sem gefnar voru upplýsingar um spurningalistann og rannsakandann. Einnig var þátttakendum bent á að þátttaka væri sjálfviljug og að fólki væri frjálst að hætta við hvenær sem það vildi (sjá Viðauka II).

### 3.5 Úrvinnsla

Úrvinnsla gagna var gerð í SurveyMonkey en vefsíðan tók saman lýsandi tölfraði könnunarinnar. Einnig voru forritin Excel, Word og SPSS notuð í nánari tölfraðiúrvinnslu. Við útreikning niðurstaðna var fyrst og fremst notuð lýsandi tölfraði til þess að sýna einfalda lýsingu á niðurstöðu og dreifingu svara. Einnig var stuðst við ályktunartölfraði til þess að sjá samband milli breyta og athuga hvort það væri marktækur munur á svörum eftir ákveðnum bakgrunnsbreytum (Þórarinn Sveinsson og Thor Aspelund, 2021, bls. 472–473). Hér var aðallega stuðst við bakgrunnsbreytuna hvort annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku en einnig var bakgrunnsbreytan um hvar í heiminum þátttakendur voru notuð einu sinni til að sjá hvort staðsetning þátttakenda skipti máli. Þar sem hér var um flokkabreytur að ræða þurfti að nota kí-kvaðrat próf og var notast við 95% öryggismörk.



### 3.6 Álitamál og siðferðileg atriði

Menntavísindastofnun (e.d.-c.) hefur gefið út leiðbeiningar um hvort leita þurfi til Vísindasiðanefndar með rannsóknir eður ei . Þar sem þátttakendur voru allir yfir 18 ára aldri, rannsóknin var ekki á heilbrigðissviði, viðkvæmum gögnum var ekki safnað og þátttakendur veittu samþykki sitt án þvingunar var ekki talið nauðsynlegt að leita sérstakra leyfa hjá Vísindasiðanefnd. Í boði um þátttöku var þátttakendum sagt að notkun þessara gagna væri bundin við þessa rannsókn og að þeir sem sæju um úrvinnslu væru bundnir þagnarskyldu (sjá Viðauka II). Einnig var lögð áhersla á að fólk gæti dregið samþykki sitt til baka og að ekki þyrfti að svara einstökum spurningum eða spurningalistanum í heild.



## 4 Niðurstöður

Hér verður farið yfir þær niðurstöður sem fengust með úrvinnslu spurningalistans og þær tengdar við rannsóknarspurningarnar sem settar voru fram í upphafi.

### 4.1 Hæfispurningar

Fyrstu spurningar spurningalistans voru hæfispurningar sem ætlaðar voru til þess að tryggja að þátttakendur uppfylltu þau skilyrði sem sett voru í upphafi. 75% svarenda eða 136 manns áttu börn sem voru á aldrinum 2–6 ára. 43% svarenda, eða 79 manns, sögðu að bæði þeir og makinn töluðu íslensku á heimilinu og 56% svarenda, eða 101 manns, voru þeir einu sem töluðu íslensku á sínu heimili en maki þeirra talaði annað mál. 1% þátttakenda eða 2 einstaklingar sögðu að maki sinn væri sá sem talaði íslensku á heimilinu. 97% svarenda eða 178 manns sögðust búa erlendis í dag. Þeir svarendur sem voru með eldri börn eða sem bjuggu ekki erlendis uppfylltu ekki skilyrðin sem sett voru og voru sendir í það að svara spurningum 49 og 50 sem snerust um aðkomu yfirvalda að íslenskukennslu barna erlendis. Eftir þessar spurningar voru það 124 þátttakendur sem uppfylltu öll skilyrðin og fengu aðgang að öllum spurningalistanum.

Þátttakendur voru einnig spurðir um aldur barna sinna. Allir þátttakendur áttu börn á aldrinum sem leitað var að fyrir spurningalistann en einnig nefndu nokkrir foreldrar að þeir ættu önnur börn, bæði yngri og eldri. Spönn aldurs barna sem voru tilgreind var frá 3 mánaða til 12 ára.

## 4.2 Hvernig kenna íslenskir foreldrar erlendis börnum sínum íslensku og hversu ánægðir eru þeir með það efni og aðferðir?


Hér verður farið yfir þær aðferðir sem íslenskir foreldrar nota til þess að kenna börnum sínum íslensku. Ákveðið var að skoða rannsóknarspurningu 1 og 2 saman, þ.e. hvernig íslenskir foreldrar erlendis kenna börnum sínum íslensku og hversu ánægðir þeir voru, þar sem spurningar þeirra voru fléttaðar saman í spurningalistanum sjálfum. Kaflanum verður skipt niður eftir þeim miðlum sem spurt var um.

### Samtöl

Í spurningalistanum var spurt um áhuga foreldra á að börnin lærðu íslensku. Nánast allir, eða 99%, sögðust vilja að börnin sín lærðu íslensku og næstum því allir (94%) töluðu íslensku við börnin sín. Þátttakendur höfðu því mikinn áhuga á því að viðhalda íslenskunni og tala hana við börnin.

Þegar foreldrar voru spurðir af hverju þeir vildu kenna börnum sínum íslensku vildu langflestir að börnin þeirra viðhéldu tengslum við fjölskylduna sem átti heima á Íslandi. Nokkrir sögðu að barnið og fjölskyldan væru Íslendingar og því væri sjálfsagt að kunna móðurmálið. Í nokkrum tilfellum minntust foreldrar á að ef vera kynni að þau flyttu heim að þá þyrfti barnið að kunna íslensku. Einnig minntust sumir á kostina við að tala fleiri en eitt tungumál og geta notað íslensku sem undirstöðu að tungumálanámi, eða eins og einn þátttakandi sagði að „...[t]ungumálið er lykilinn að menningu hvarrar þjóðar. Ég vil að börnin mín geti kannað sínar eigin rætur og menningu sjálfstætt.“ Foreldrar höfðu því mikinn áhuga á því að gefa barninu tækifæri á samskiptum við ættingja og vini á Íslandi og viðhalda tengingum við landið sitt.

Mynd 1 sýnir niðurstöður spurninga um hvernig samskiptum þátttakenda við börnin sín var háttað og hversu mikil íslenska væri notuð á heimilinu.



Mynd 1: Tíðni samtala foreldra og barna eftir tungumáli. Heildartala svara birtist hér innan sviga á eftir spurningum.

Eins og sést á mynd 1 sagðist meginþorri þátttakenda (94%) tala íslensku daglega við börnin sín og 72% sögðust tala daglega við börnin sín í þeim tilgangi að styðja við íslenskukunnáttu barnsins síns. Stór hluti foreldra talaði því daglega íslensku þó það væri ekki alltaf gert með það í huga að styðja sérstaklega við íslenskunám barnsins. 44% foreldra sögðust tala daglega annað tungumál við börnin sín á meðan 32% sögðust aldrei tala annað tungumál. Þessi munur á rætur sínar að rekja í hvort þátttakandinn var eina foreldrið sem talaði íslensku á heimilinu eða hvort báðir foreldrar gerðu það. Þátttakendur sem voru þeir einu sem töluðu íslensku á heimilinu voru líklegri til þess að tala líka erlent tungumál við barnið sitt heldur en ef báðir foreldrarnir töluðu íslensku ( $\chi^2(4, N = 124) = 10,939, p < 0,05$ ). 62% þátttakenda sögðu svo að

börnin töluðu íslensku daglega við foreldra sína. Hér má því sjá að þótt meginþorri barnanna heyri íslensku talaða daglega er lægra hlutfall barna sem talar daglega íslensku. Hér skipti líka miklu máli hvort annar eða báðir foreldrar töluðu íslensku á heimilinu þar sem börn töluðu sjaldnar íslensku hjá foreldrum sem voru þeir einu íslenskumælandi á heimilinu ( $\chi^2(8, N = 124) = 24,130, p < 0,01$ ). 76% þátttakenda sögðu svo að börnin töluðu annað tungumál en íslensku daglega við foreldra sína. Hér má svo sjá að börnin voru líklegri til þess að tala annað tungumál en íslensku daglega við foreldri sitt (76% á móti 62%) þó að þau töluðu íslensku líka. Einnig leiddi greining á gögnunum í ljós tengsl á milli þess hvort annar eða báðir foreldrar töluðu íslensku og hversu oft barnið talaði íslensku við foreldrið ( $\chi^2(8, N = 124) = 29,914, p < 0,01$ ). Það þýddi að ef einungis annað foreldrið talaði íslensku var líklegra að barnið talaði erlent tungumál við það heldur en ef báðir foreldrarnir töluðu íslensku. Það er því ljóst að í langflestum tilfellum tala börnin fleiri en eitt tungumál á heimilinu, jafnvel þó að báðir foreldrar tali íslensku.


Tæpur helmingur (45%) foreldra var frekar eða mjög sammála því að leiðréttu málfræðivillur hjá barninu sínu þegar það talaði íslensku, á meðan tæpur helmingur (44%) var frekar eða mjög ósammála því. Foreldrar voru því jafnlíklegir til að leiðréttu villur eins og að gera það ekki og var ekki samband á milli þess hvort annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku á heimilinu og hvort foreldrar leiðréttu málfræðivillur. Meirihluti þátttakenda (68%) var frekar eða mjög ósammála því að barnið þeirra talaði jafngóða íslensku og jafnaldrar þess sem búa á Íslandi á meðan um fjórðungur þátttakenda (23%) var frekar eða mjög sammála því. Hér má því greinilega sjá að foreldrar sjá mun á getu barnanna sinna og barna á Íslandi. Hér skipti aftur máli hvort annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku á heimilinu ( $\chi^2(8, N = 123) = 25,491, p < 0,01$ ) þar sem

foreldrar töldu að börnin töluðu jafngóða íslensku og jafnaldrar þeirra á Íslandi ef báðir foreldrar töluðu íslensku.

Einnig voru þátttakendur spurðir hversu oft barnið ætti samskipti við íslenska aðila utan heimilisins, svo sem fjölskyldu eða vini. Mikill meirihluti barna (72%) áttu samskipti vikulega eða oftar við íslenska aðila utan heimilins. Stór hluti barna fékk því málörvun reglulega á íslensku við aðra aðila en foreldra.

## Bækur

Spurt var um hversu oft foreldrar læsu íslenskar og erlendar bækur með börnum sínum og sjást niðurstöður spurninganna á mynd 2.




Mynd 2: Hversu oft lesa foreldrar bækur með börnum sínum. Heildartala svara birtist hér innan sviga á eftir spurningum.

Meirihluti foreldra (66%) las íslenskar bækur 3-4 sinnum í viku eða oftar með börnum sínum. Töluvert færri (35%) lásu erlendar bækur 3-4 sinnum í viku eða oftar. Foreldrar virðast því leggja minni áherslu á að lesa með

börnunum heldur en að tala íslensku við þau daglega en nota frekar íslenskar bækur heldur en erlendar til að lesa með þeim.

Þátttakendur voru einnig spurðir um hversu margar íslenskar bækur væru á heimilinu. Meirihluti foreldra (65%) sögðust vera með fleiri en 20 íslenskar bækur á heimilinu á meðan þriðjungur (35%) foreldra sögðust vera með færri en 20 bækur. Hér skipti aftur máli hvort báðir eða annað foreldrið talaði íslensku ( $\chi^2(4, N = 121) = 16,219, p < 0,01$ ) en það voru til fleiri íslenskar bækur á heimilum þar sem báðir foreldrar töluðu íslensku heldur en á heimilum þar sem einungis annað foreldrið var íslenskt.

Á mynd 3 sést hvaða álit foreldrar höfðu á þeim bókum sem þeir lásu með börnum sínum og hversu auðvelt þeim fannst að finna þær. Hér var bæði spurt um íslenskar og erlendar bækur.



Mynd 3: Álit foreldra á þeim bókum sem þeir lesa með börnum sínum og hversu auðvelt var að finna þær. Heildartala svara birtist hér innan sviga á eftir spurningum.

Meirihluti (67%) foreldra sögðust vera frekar eða mjög sammála staðhæfingunni um að vera ánægðir með þær íslensku bækur sem þeir lásu með barninu sínu á meðan 13% foreldra voru mjög eða frekar ósammála þeirri




staðhæfingu. Meirihluti (60%) foreldra voru einnig frekar eða mjög sammála því að vera ánægðir með þær erlendu bækur sem þeir lásu með börnunum. Meirihluti foreldra voru því ánægðir með bækurnar sem þeir höfðu aðgang að.

Þegar kom að því að finna íslenskar bækur til að styðja við íslensku hjá börnum sagðist tæplega helmingur (47%) foreldra vera frekar eða mjög sammála því að það væri auðvelt. Hins vegar sagðist þriðjungur (33%) foreldra vera frekar eða mjög ósammála því að það væri auðvelt. Hér vakti athygli að foreldrar sem voru þeir einu á heimilinu sem töluðu íslensku virtust eiga erfiðara með að finna íslenskar bækur heldur en ef báðir foreldrar töluðu íslensku ( $\chi^2(8, N = 120) = 21,070, p < 0,01$ ). Foreldrar með fleiri en eitt tungumál á heimilinu eiga því erfiðara með að finna góðar íslenskar bækur fyrir börn sín heldur en þeir sem tilheyra heimilum með tvö íslenskumælandi foreldra.

## Tónlist

Spurt var um hvort foreldrar hlustuðu á íslenska og erlenda tónlist með börnunum sínum (sjá mynd 4).




Mynd 4: Tíðni tónlistarhlustunar hjá börnunum. Heildartala svara birtist hér innan sviga á eftir spurningum.

13% foreldra sögðu að barnið sitt hlustaði daglega á íslenska tónlist og 27% sögðu að barnið hlustaði 3–4 sinnum í viku. Á móti kom að 51% foreldra sögðu að barnið þeirra hlustaði daglega á erlenda tónlist og 34% sögðu að barnið þeirra hlustaði 3–4 sinnum í viku á hana. Hér má sjá að börn hlusta töluvert meira á erlenda tónlist heldur en íslenska.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeim fyndist mikilvægt að hlusta á íslenska tónlist, svo sem barnalög og vísur, með barninu sínu. Mikill meirihluti (88%) foreldra var frekar eða mjög sammála þeirri staðhæfingu. Foreldrar voru einnig spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála þeirri staðhæfingu að það væri auðvelt að finna íslenska tónlist til að styðja við íslensku hjá barninu. Flestir (64%) foreldrar voru frekar eða mjög sammála því að það væri auðvelt. Með öðrum orðum finnst foreldrum auðvelt að finna íslenska tónlist og finnst mikilvægt að hlusta á hana með barninu sínu en gera minna af því en að hlusta á erlenda tónlist.

## Sjónvarpsefni

Einnig var spurt um hvernig sjónvarpsefni börn horfðu á þ.e. hvort það væri íslenskt eða erlent. Niðurstöður þeirra spurninga má sjá á mynd 5.



Mynd 5: Tíðni áhorfs barna á íslenskt eða erlent sjónvarpsefni. 122 svör bárust við spurningunni.


Einungis lítill hluti (22%) foreldra sagði að börnin þeirra horfði 3–4 sinnum í viku á íslenskt sjónvarpsefni eða oftar. Á móti sagði mikill meirihluti (87%) foreldra að börnin horfðu 3–4 sinnum í viku eða oftar á erlent sjónvarpsefni. Þessar tölur koma ekki á óvart miðað við erlent málaumhverfi og auðvelt aðgengi að erlendu sjónvarpsefni.

Þegar spurt var hvort foreldrar væru ánægðir með það íslenska sjónvarpsefni sem þeir höfðu aðgang að sagðist rúmlega þriðjungur (35%) vera frekar eða mjög sammála því að þeir væru ánægðir á meðan tæplega þriðjungur (30%) var frekar eða mjög ósammála. Það var samband á milli þess hversu oft barnið horfði á íslenskt sjónvarp og ánægju foreldra ( $\chi^2(16, N = 120) = 51,528, p < 0,01$ ) þar sem börn foreldra sem horfðu sjaldnar á sjónvarpið voru síður ánægðir með sjónvarpsefnið heldur en börn þeirra sem voru ánægð. Þessi óánægja skýrðist að mestu leyti af því hvar fjölskyldurnar voru staðsettar en þeir sem bjuggu utan Evrópu voru marktækt óánægðari heldur en þeir sem bjuggu innan hennar ( $\chi^2(8, N = 106) = 18,236, p < 0,05$ ). Meirihluti (69%) þátttakenda sagðist svo vera frekar eða mjög ósammála því að það væri auðvelt að finna íslenskt sjónvarpsefni til að styðja við íslensku hjá barninu sínu. Foreldrar virtust því eiga erfitt með að finna íslenskt efni sem hentaði þeim. Foreldrar sem voru þeir einu á heimilinu sem töluðu íslensku virtust eiga erfiðara með að finna íslenskt sjónvarpsefni sem hentaði til að styðja við íslensku heldur en á heimilum þar sem báðir foreldrar voru íslenskir ( $\chi^2(8, N = 120) = 19,103, p < 0,05$ ).

### Aðrar kennsluaðferðir

Þátttakendur voru einnig spurðir um aðrar leiðir sem þeir notuðu til þess að kenna barninu sínu íslensku. Fyrst var spurt um tölvuleiki eða símaöpp en meirihluti (67%) foreldra sagðist aldrei nota slíkt til að kenna barninu sínu íslensku. Þriðjungur foreldra (33%) sagðist nota þau mánaðarlega eða oftar.

Næstu spurningar voru notaðar til þess að fá fram álit fólks á þessum miðlum og hversu gott aðgengi væri að þeim. Sjá má niðurstöður þeirra spurninga á mynd 6.



Mynd 6: Álit foreldra á ákveðnu efni. Heildartala svara birtist hér innan sviga á eftir spurningum.

Af þeim foreldrum sem notuðu viðkomandi efni voru flestir óánægðir eða áttu ekki auðvelt með að finna tölvuleiki eða smáforrit til að nota með börnunum sínum. Meirihluti foreldra merkti við valkostinn „hvorki ósammála né sammála“, líklegast vegna þess að valkosturinn „veit ekki“ var ekki til staðar.

Þátttakendur voru spurðir hversu oft þeir notuðu íslenskar skrifarbækur. Mikill meirihluti þátttakenda (83%) sagðist aldrei nota þær en restin (17%) sagðist nota þær mánaðarlega eða oftar.


Einnig voru þátttakendur spurðir hversu oft þeir notuðu íslenskar lestrarbækur. Meginþorri (59%) þátttakenda sagðist aldrei nota lestrarbækur

með börnunum sínum en fleiri notuðu lestrarbækur heldur en skriftarbækur. Lítil hluti (19%) foreldra sagðist nota lestrarbækur 3–4 sinnum í viku eða oftar.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu aðgang að íslenskunámskeiði fyrir börnin sín sagðist mikill meirihluti (87%) ekki hafa aðgang. Þeir sem sögðust hafa aðgang að íslenskunámskeiði voru spurðir hvar þeir hefðu aðgang að því. Svörin sem fengust voru til dæmis Íslenskuskólinn í London, efni frá Menntamálastofnun, vefsíðan Fjölbreyttar kennsluáðferðir, Nordic Trailblazers og móðurmálskennsla í Danmörku. Meirihluti þeirra (9%) sem höfðu aðgang að íslenskunámskeiði voru mjög ánægðir með námskeiðið en 2% voru mjög óánægðir. Nánari úrvinnsla leiddi í ljós að þeir þátttakendur sem sögðust hafa aðgang að íslenskunámskeiði voru allir búsettir í Evrópu.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir notuðu aðrar leiðir til þess að kenna börnum sínum íslensku. Mikill meirihluti (79%) þátttakenda sagðist ekki nota aðrar leiðir, á meðan 21% svöruðu þeirri spurningu játandi. Foreldrar sem svöruðu játandi notuðu margvíslegar leiðir til þess að kenna íslensku. Sumir sögðust nota spil og leiki til þess að kenna hana og var til dæmis minnst á borðspilið Alias í þessum efnum. Aðrir töluðu um að nota hljóðbækur, hlaðvörp og íslensk barnaleikrit. Einn þátttakandi sagðist nota kvöldbænir. Annar talaði um að „nota náttúruna mjög markvisst og kennslu utandyra.“ Að lokum sögðust sumir fara reglulega heim til Íslands til þess að gefa barninu tækifæri á því að vera í íslensku málumhverfi.

Ein spurningin var um hvaða vefsíður á netinu þátttakendur könnuðust við og sjást niðurstöðurnar á mynd 7.




Mynd 7: Hlutfall foreldra sem könnuðust við síður á netinu. 109 þátttakendur svöruðu þessari spurningu.

Þar má sjá að einhverjir þátttakendur könnuðust við síðurnar Orðagull og Lærum og leikum með hljóðin. Nokkrir könnuðust einnig við Fræðslugátt Menntamálastofnunar og Orðaleik. Aðrar síður fengu litlar sem engar undirtektir. Þeir þátttakendur sem völdu valkostinn „Annað, hvað“ svöruðu helst að þeir könnuðust ekki við neina af þessum síðum, en einnig komu fram svörin „Fjölbreyttar kennsluaðferðir“ og „Georg og félagar.“ Þekking foreldra á síðum á netinu sem hægt var að nota í íslenskukennslu var því takmörkuð.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru ósammála eða sammála því að það væri auðvelt að finna íslenskt efni á netinu sem hægt væri að nota til að kenna íslensku sagðist þriðjungur (36%) vera frekar eða mjög ósammála og fáir (6%) vera frekar eða mjög sammála. Meginþorri (67%) þátttakenda sögðust svo vera frekar eða mjög ósammála því að þeir færu reglulega að skoða íslenskt efni á netinu til þess að styðja við íslensku hjá barninu sínu en lítill hluti

eða 11% sagðist vera frekar eða mjög sammála því. Meirihluti þátttakenda fór því ekki reglulega á netið til að skoða íslenskt efni og þeir sem gerðu það áttu erfitt með að finna efni sem hentaði þeim við íslenskukennslu.

Foreldrar voru spurðir álit á nokkrum þáttum og sjást niðurstöður spurninganna á mynd 8.



Mynd 8: Álit foreldra á nokkrum þáttum. Heildartala svara birtist hér innan sviga á eftir spurningum.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir sæktu viðburði þar sem íslenska væri töluð í landinu þar sem þeir væru búsettir sagðist helmingur (51%) vera frekar eða mjög sammála því að sækja þá. Foreldrar eru því líklegir til þess að reyna að sækja atburði þar sem töluð er íslenska.

Þegar þátttakendur voru spurðir um álit sitt á því úrvali af efni sem hægt er að nota til að kenna íslensku sem þeir höfðu aðgang að sagðist þriðjungur (29%) þátttakenda vera frekar eða mjög ósammála því að vera ánægðir með

Það efni sem þeir höfðu aðgang að og 17% voru frekar eða mjög sammála því. Þeir þátttakendur sem leituðu að efni til að kenna íslensku voru því frekar óánægðir með það efni sem hægt var að nota. Hér kom aftur fram munur á því hvort það voru einn eða tveir foreldrar á heimilinu sem töluðu íslensku en þeir sem voru eina íslenska foreldrið voru líklegri til að vera óánægðir með efnið heldur en þar sem báðir foreldrar töluðu íslensku ( $\chi^2(4, N = 106) = 12,963, p < 0,05$ ).

Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu áhyggjur af því að barnið þeirra lærði ekki íslensku. Meirihluti þátttakenda sagðist vera frekar eða mjög sammála því að hafa áhyggjur, eða 54%. Þeir sem voru frekar eða mjög ósammála því að hafa áhyggjur voru 38%. Nánari úrvinnsla leiddi í ljós að það var munur á því hversu miklar áhyggjur þátttakendur höfðu eftir því hvort annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku á heimilinu ( $\chi^2(4, N = 107) = 12,838, p < 0,05$ ) en foreldrið sem var eini íslenskumælandi aðilinn var líklegri til að hafa áhyggjur heldur en þegar þeir voru tveir. Hins vegar var mikill meirihluti (84%) þátttakenda mjög ósammála því að hafa áhyggjur af því að barnið þeirra lærði ekki tungumálið í landinu þar sem þeir bjuggu. Íslenskir foreldrar höfðu því meiri áhyggjur af því að barnið þeirra lærði ekki íslensku heldur en tungumálið í búsetulandinu. Meirihluti þátttakenda, eða 70%, var svo frekar eða mjög sammála því að vilja hafa betra aðgengi að íslensku efni fyrir barnið sitt til að kenna íslensku. Flestir foreldrar vildu því hafa betra aðgengi að íslensku efni.

Í næstu spurningu voru þátttakendur spurðir hvort þeir væru ósammála eða sammála staðhæfingunni um að stefna á að flytja til Íslands með börnin í framtíðinni. Meira en þriðjungur (38%) foreldra sögðust vera frekar eða mjög ósammála staðhæfingunni á meðan um þriðjungur (34%) voru frekar eða mjög sammála. Hér skipti miklu máli hvort annað eða báðir foreldrar voru íslenskir



Því þar sem báðir foreldrar voru íslenskir var líklegra að þeir væru sammála því að ætla flytja aftur til Íslands) en ef einungis annað foreldrið var íslenskt ( $\chi^2(4, N = 106) = 15,321, p < 0,01$ ).

### 4.3 Hvaða stuðning telja foreldrar sig þurfa til þess að kenna börnum sínum íslensku?

Að lokum snerust tvær spurningar listans um aðkomu íslenskra yfirvalda að íslenskukennslu barna sem búa erlendis. Mikil meirihluti þátttakenda, eða 71%, voru frekar eða mjög sammála því að þeim fyndist mikilvægt að íslensk yfirvöld styddu við íslenskukennslu barna sem búa erlendis. Þegar þátttakendur voru svo spurðir hvernig íslensk yfirvöld gætu komið betur að þessu verkefni voru svörin mörg og ólík. Dæmi um þau voru:

- Krakkarúv mætti vera aðgengilegra en einnig væri hægt að senda íslenskum börnum erlendis bækur og styrkja kennslu í fjölmönnum íslendingaborgum.
- Auðvelda aðgengi að íslenskum kennslu- og lestrarbókum.
- Til dæmis styrkir til að halda íslenskunámskeið á svæðum þar sem er mikið um íslendinga.
- Búa til meira efni á netinu.
- Búa til stafrænt efni, vidjo ofl. Kanski gefa bækur?
- Opna fyrir aðgengi að íslensku barnaefni á RÚV fyrir íslensk börn búsett erlendis svo það sé hægt að horfa á íslenskar myndir í staðinn fyrir útlenskt.
- T.d. betri upplýsingar hjá sendiráði um þessar vefsíður sem þú taldir upp t.d.
- Stafrænt námskeið fyrir íslenska foreldra búsetta erlendis – með góðum ráðum. Þjóða upp á að maður geti t.d. keypt námsefnið sem kennt er í fyrstu bekkjum grunnskólanna og kennt heima. Auka eftirlit með gæðum íslenskra barnabóka. Oft mjög léleg íslenska í þeim og hreinlega stafsetningar- og málfræðivillur.
- Auðvelt aðgengi að efni og vel auglýst. Ég sá einhverjar síður nefndar í þessari könnun en hafði aldrei heyrt um þær áður. Betri aðgang að

Íslensku sjónvarpsbarnaefni, VPN hættir yfirleitt að virkja á endanum. Bækur skrifaðar fyrir börn með íslensku sem annað tungumál, flestar bækur fyrir 5 ára nota of flókið tungumál og hún missir athyglina. Það er gott að hafa smá aðgang að teiknimyndum í gegnum Disney+, en stundum vildi ég hafa möguleikann á að setja á styttra efni (t.d. hvolpasveitina, my little pony, o.s.frv.) frekar en alltaf 1,5-2 klukkutíma áhorf á Frozen...


Fleiri hugmyndir um aðgengi að íslensku efni voru til dæmis sumarbúðir og styrkir til náms og bókakaupa. Hér notuðu líka margir þátttakendur tækifærið og lýstu margvíslegum erfiðleikum sem þeir þurfa að eiga við í íslenskukennslu. Til dæmis var minnst á hversu erfitt það væri að sækja námskeið í íslensku þar sem þau væru of langt frá eða pössuðu ekki inn í vikuáætlun fjölskyldunnar. Einnig var minnst á hversu dýrt það væri að sækja námskeið og því væri gott ef yfirvöld gætu komið að kostnaði eða gert efni gjaldfrjálst.

## 5 Umræður

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hópinn Íslendinga í útlöndum og athuga hvernig foreldrar í þeim hóp kenna börnum sínum íslensku. Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöðurnar út frá rannsóknarspurningunum sem voru settar fram í upphafi og þær tengdar við fræðilega umfjöllun. Það þótti ljóst í byrjun að íslenskir foreldrar hafa mikinn áhuga á því að kenna börnum sínum íslensku þar sem nánast allir foreldra vildu að börnin þeirra lærðu málið og stór hluti þeirra talar hana við börnin, eða meira en níu foreldrar af hverjum tíu. Margar ástæður voru nefndar fyrir því af hverju foreldrarnir vildu að börnin þeirra kynnu íslensku en sú helsta var að foreldrarnir vildu að börnin viðhéldu tengslum við fjölskylduna á Íslandi og hefðu tengingu við menninguna. Í umfjölluninni hér á eftir verður farið yfir hvaða svör fengust við þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í upphafi.

### 5.1 Hvernig kenna íslenskir foreldrar búsettir erlendis börnum sínum íslensku ?

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að íslenskir foreldrar í útlöndum notuðu helst samræður og bókalestur með börnum sínum til að kenna þeim íslensku. Íslensk tónlist var einnig mikilvæg en síður aðrar aðferðir. Á mynd 9 má sjá samanburð á hversu oft íslenskir foreldrar notuðu þessa ólíka efni.



Mynd 9: Hlutfall foreldra sem notar viðkomandi efni á íslensku 3 – 4 sinnum í viku eða oftar.

Á myndinni sést að foreldrarnir notuðu fáar aðferðir til þess að koma tungumálinu áleiðis, eins og úrvinnsla spurningalistans leiddi í ljós.

Þegar foreldrar voru spurðir út í efni á netinu könnuðust tiltölulega fáir þátttakendur við efni þar sem hægt var að nota í íslenskukennslu en þeirra helst var smáforritið Orðagull. Það sem kom á óvart var að foreldrar vildu fá meira aðgengi að efni til að kenna íslensku en virðast ekki vita hvað er til staðar nú þegar eða hvernig megi leita að því. Þessar niðurstöður eru í takt við þær sem Branislav Bédi og Kelsey Paige Hopkins (2022) komust að í sinni rannsókn. Þess vegna þyrfti að koma með kynningu á því efni sem er til staðar nú þegar, eins og til dæmis Orðaleik eða Fræðslunet Menntamálastofnunar og athuga hvort það efni fullnægir þörfum íslenskra foreldra erlendis. Í undirköflunum hér á eftir verður farið nánar inn á einstakt efni sem foreldrar notuðu helst í íslenskukennslu.

## Samtöl

Mikill meirihluti þátttakenda (94%) sögðust eiga samskipti daglega á íslensku við börnin sín og stór hluti foreldra (62%) sögðu að börnin sín töluðu íslensku daglega við sig á móti. Þetta lægra hlutfall (94% á móti 62%) skýrðist ekki af því hversu gamalt barnið var sem spurt var um í spurningalistanum. Með öðrum orðum var jafn líklegt að ung börn töluðu daglega við foreldra sína á íslensku sem og þau sem eldri voru. Hins vegar skipti miklu máli hvort einungis annað eða báðir foreldrar á heimilinu töluðu íslensku og áhrif þess á hvort erlent tungumál var notað á heimilinu. Þannig var líklegra að fjölskyldur með einungis einu íslensku foreldri notuðu erlent tungumál daglega við börnin sín og að börnin töluðu íslensku sjaldnar á heimilinu ef einungis annað foreldrið talaði hana. Aftur á móti sagði stór hluti foreldra (76%) að börnin þeirra töluðu erlent tungumál daglega við sig og voru tengsl á milli þess hvort annað eða báðir foreldrar töluðu íslensku á heimilinu og hvort börnin töluðu erlent tungumál daglega. Hér vakti athygli hversu líklegt það var að barnið talaði erlent tungumál þegar einungis annað foreldrið talaði íslensku. Það kemur ekki á óvart þegar annað foreldrið er ekki íslenskt að það sé notað annað tungumál á heimilinu, en það má spyrja sig af hverju íslensku foreldrarnir létu ekki börnin tala íslensku við sig í staðinn til þess að örva íslenskukunnáttu barnsins. Einnig má spyrja sig hvort það hefði jákvæð áhrif ef báðir foreldrar reyndu að tala íslensku líkt og niðurstöður rannsóknar De Houwer (2007) komu inn á með að láta báða foreldra tala minnihlutatungumál inni á heimilinu. Hér má velta fyrir sér hvort það sé mikilvægt út af því að ef einungis annað foreldrið talar meirihlutatungumálið þá sé hægt að leggja áherslu á minnihlutamálið heima þar sem hitt foreldrið talar ekki meirihlutamálið og því neyðist barnið til þess að nota minnihlutamálið líka. Í tilfelli Íslendinga erlendis þýðir það að ef báðir aðilar tala íslensku heima, þó svo að annar aðilinn tali fleiri tungumál, að þá

neyðist barnið til þess að læra íslensku. En hér komum við að því hversu erfitt það virðist vera að læra íslensku (Thordardóttir og Juliusdóttir, 2013). Þar sem íslenska er málfræðilega flókið tungumál gæti það tekið langan tíma fyrir foreldrið sem talar hana ekki að læra hana og byrja að tala hana við börnin. Í staðinn er líklegt að foreldrarnir tali bæði tungumálin við barnið til þess að tryggja að barnið læri þau og barnið ráði svo með hvaða tungumáli það svarar. Hér má einnig nefna yfirlit De Houwer (2018) með muninn á börnum með TTFM og börnum með SBSM. Meirihluti þátttakenda tilheyrðu fjölskyldum þar sem einungis annað foreldrið talaði íslensku, eða með öðrum orðum voru fjölskyldurnar tví- eða fjöltýngdar. Samkvæmt De Houwer má gera ráð fyrir því að börnin sem tilheyra slíkum fjölskyldum séu börn með tvítýngda fyrstu máls innlögn. Þau börn nota bæði tungumálin á heimilinu og orðaforði þeirra ætti að vera yfirgripsmikill þegar bæði tungumálin eru lögð saman. Í þessari rannsókn var ekki farið út í mælingar á tungumálakunnáttu barnanna en þó má álykta að íslenskur orðaforði barnanna eigi að vera yfirgripsmikill, a.m.k. þangað til þau fara í skóla og fá meiri innlögn í öðru eða jafnvel þriðja tungumálinu. Þá má velta fyrir sér hvort íslenskan gefi smám saman eftir þegar önnur tungumál byrja að taka yfir og hver sé ástæðan fyrir því, þ.e. ef innlögn frá foreldri verður ekki minni en áður.

Flestir þátttakendur í rannsókninni sögðu einnig að barnið ætti í samskiptum vikulega við íslenska aðila utan heimilisins. Það er mikilvægt fyrir börn að eiga í samskiptum við fullorðna til þess að hafa áhrif á málakunnáttu þeirra (Zimmerman o.fl., 2009) en einnig geta samskipti við ættingja eins og afa og ömmur sýnt börnum fram á menningarlegu verðmætin sem búa í tungumálinu (Lanza, 2021). Það gæti hvatt börn áfram í að viðhalda móðurtungumálinu til þess að geta haldið sambandi við ættingja á Íslandi. Þar að auki sagðist rúmlega helmingur þátttakenda í könnuninni reyna að sækja

atburði í landinu þar sem þeir voru búsettir þar sem töluð væri íslenska. Með því að gera það má álíta að börn þeirra, ef þau eru tekin með, fái aukin tækifæri til þess að æfa íslenskukunnáttu sína svo lengi sem þeim er ekki gefinn kostur á því að tala annað tungumál þar að auki. En hér verður að hafa í huga að það skiptir máli hvort það sé verið að leggja sérstaka áherslu á orðaforðaæfingar þegar börnin eru í samskiptum við aðra íslenska aðila og hversu virk börnin eru í þessum samskiptum (Harpa Sif Þorsteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir, 2021). Ef viðkomandi atburðir sem vísað er í væru til dæmis íslenskukennsla þá ættu þeir að styrkja kunnáttu barnanna. Að öðrum kosti væru áhrif þeirra viðburða óviss. Einnig virtist vegalengd og tímasetning í þessa atburði skipta máli, þar sem þátttakendur létu í ljós erfiðleika við að sækja atburði eins og íslenskukennslu þegar hún var haldin langt frá heimili þátttakenda eða á tíma sem hentaði ekki fjölskyldunni. Það þýðir að íslensk börn í útlöndum geta auðveldlega misst af íslenskukennslu ef tímasetning hentar ekki. Þá verða foreldrar að leita í aðrar leiðir til að kenna íslensku.

## Bækur og tónlist

Í rannsókninni kom fram að bókalestur og tónlist voru aðrar mikilvægar leiðir sem foreldrar notuðu til að kenna íslensku. 66% foreldra lásu íslenskar bækur þrisvar til fjórum sinnum í viku eða oftar og erlendar bækur voru lesnar sjaldnar. Þarna mátti sjá tilraunir foreldra til þess að koma íslenskunni inn hjá börnum sínum með því að lesa bækur með þeim en samkvæmt þriggja-stiga skiptingu Beck, McKeown og Kucan (2013, bls. 9) á orðaforða kynnis bókalestur börn fyrir flóknari orðaforða heldur en þau læra í daglegum samskiptum. Þess vegna ættu foreldrar að leggja sérstaka áherslu á að lesa fyrir börn sín ásamt því að vera að leggja inn venjuleg orð í venjulegum samtölum. Athygli vakti að meirihluti þátttakenda átti fleiri en 20 íslenskar bækur á heimilinu og bendir það til þess að íslenskar bækur og lestur séu mikilvægur hluti af daglegu lífi hjá

hópnum. Einnig sýndi rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2015) marktæka fylgni barnabókafjölda á heimilinu við orðaforða hjá börnum á aldrinum 4–5 ára sem gefur til kynna að fleiri bækur á heimili hafa góð áhrif á málþroska barna. Í þessari rannsókn hafði þó aftur áhrif hvort báðir foreldrar á heimilinu töluðu íslensku þar sem færri bækur voru til á heimilum þar sem einungis annað foreldrið var íslenskt. Þetta er áhugavert þar sem telja mátti að aðgengi að íslenskum bókum sé það sama hvort sem annað eða báðir foreldrar tala íslensku. En á móti kemur að í fjölskyldum þar sem foreldrar koma frá sitthvoru landinu eru einnig tvö sett af ættingjum sem gefa bækur og annað efni á því tungumáli sem þeir tilheyra svo bókakosturinn á einu tungumáli gæti minnkað í samræmi við það. Annað sem vakti athygli var að þegar einungis annað foreldrið talaði íslensku virtist það eiga erfiðara með að finna íslenskar bækur til að lesa fyrir börnin sín. Hér má aftur benda á að aðgengi að bókum ætti að vera það sama hvort sem annað eða báðir foreldrar tala íslensku. En það er spurning hvaða bækur henti fyrir börn sem læra íslensku erlendis þar sem ekki er vitað hvort orðaforði þeirra sem og lesskilningur sé sá sami og hjá eintyngdum börnum á Íslandi eða börnum sem læra íslensku sem annað tungumál. Einnig er ekki víst hvort foreldrar eru meðvitaðir um að þessu þurfi að gefa gaum.

Önnur leið sem reyndist vera nokkuð notuð af þátttakendum var tónlistarhlustun en um 40% þátttakenda sagðist hlusta á íslenska tónlist þrisvar til fjórum sinnum í viku eða oftár með börnum sínum. Til samanburðar fengu 85% barnanna að hlusta þrisvar til fjórum sinnum í viku eða oftár á erlenda tónlist. Þessi munur er ekki óvæntur þar sem Íslendingarnir bjuggu erlendis og því ekki í íslensku tónlistarumhverfi. Börnin eiga auðveldara aðgengi að erlendra tónlist heldur en íslenskri, sérstaklega þegar horft er til þess að kennarar um allan heim nota tónlist mikið í kennslu og börnin heyra því erlenda



tónlist í skólanum. Einnig heyrst tónlist sem er vinsæl í því landi þegar kveikt er á útvarpinu og ekki mjög líkleg að hún sé íslensk. Til þess að finna íslenskar útvarpsstöðvar þarf að kaupa sérstök, nettengd útvörp og setja þessar stöðvar inn eða setja þær inn í tölvuna. Með tilkomu forrita eins og Spotify ætti að vera auðveldara en áður að finna íslenska tónlist en þá gæti verið áskorun fyrir foreldra að finna tónlist eða hlustunarefni sem höfðar til barnanna. Það má því velta fyrir sér hvort foreldrar erlendis séu að missa mikilvægt kennslutækifæri úr höndunum þegar þeir hlusta ekki viljandi á íslenska tónlist þegar hægt er að gera slíkt og hafa stjórn á henni. Þar sem tónlistarhlustun er hluti af málfræðilegu landslagi barnanna (De Houwer, 2009, bls. 104) ættu íslenskir foreldrar að nýta sér hana þegar hægt er.

### Aðrar kennsluaðferðir

Að frátöldum samræðum, bókum og tónlist notuðu flestir foreldrar ekki margar aðferðir til að kenna íslensku. Sumir þeirra notuðu þó fjölbreyttar leiðir, líkt og spil, útikennslu, hlaðvörp og fleira sem mætti túlka á þá leið að með því að kynna foreldra fyrir því efni sem hægt er að nota í íslenskukennslu eykur það líkurnar á því að þeir noti það. Það kemur þó ekki á óvart að flestir foreldrar noti ekki fjölbreyttari leiðir í kennslu og viti ekki hvaða efni er til staðar fyrir slíkt þar sem ekki eru sérstakar upplýsingar fyrir Íslendinga erlendis um hvar megi leita aðfanga.

Hægt er að nálgast íslenskar bækur á auðveldan hátt. Þannig er til dæmis hægt að kaupa þær þegar farið er til Íslands, fá þær sendar eða jafnvel kaupa rafrænar bækur til að lesa á spjaldtölvum. Einnig er auðvelt að spila tónlist eða barnaleikrit með því að opna aðganginn sinn á Spotify eða Apple Music. Það er flóknara að finna íslenskt sjónvarpsefni þar sem aðgangur að því er takmarkaður, enda sýndi þessi rannsókn að lítil hluti barnanna, eða 22%, fengu að horfa þrisvar til fjórum sinnum í viku eða oftar. Til samanburðar fékk

yfirgnæfandi meirihluti þeirra (87%) að horfa oft í viku á erlent sjónvarpsefni. Ýmsar ástæður geta legið því til grundvallar. Í fyrsta lagi eiga foreldrar við sama vanda að stríða eins og að hlusta á íslenska tónlist, þ.e. að þar sem búið er í erlendu umhverfi er efnið sem sýnt er í sjónvarpinu á tungumálinu sem talað er í viðkomandi landi. Foreldrar verða því að leita sérstaklega eftir íslensku efni á netinu, spila DVD disk eða nota aðrar leiðir. Í öðru lagi er ekki auðvelt að finna íslenskt sjónvarpsefni á netinu. Foreldrar sem tóku þátt í þessari rannsókn minntust sérstaklega á að fá aðgengi að íslensku barnaefni hjá RÚV þar sem leiðir til að horfa á íslenskt barnaefni eru takmarkaðar, sérstaklega hvað varðar styttra barnaefni sem heldur athyglinni hjá börnum á aldrinum 2–6 ára. Í þriðja lagi er íslenska sjónvarpsefnið sem hægt er að finna misgott. Á Youtube má finna ýmsa þætti fyrir börn en tungumál þátta getur sveiflast frá íslensku yfir í ensku ef foreldrar eru ekki að passa upp á hvað börnin horfa á. Þannig geta börnin valið auðveldlega að horfa á enskt efni eftir íslenska þætti eða jafnvel efni án tungumáls. Bætandi áhrif þess áhorfs á íslenska málakunnáttu geta því orðið minni.

Ef foreldrar hafa áhuga á því að kenna börnum sínum íslensku má gera það á ýmsan hátt og þeir þurfa ekki að takmarka sig við bækur, tónlist eða sjónvarpsefni. Í rannsókninni voru nokkrar síður á netinu taldar til þar sem finna má margvíslegt efni til íslenskukennslu og foreldrar spurðir hvort þeir könnuðust við þær. Einungis líttill hópur gerði það og enn færri minntust á aðrar síður eða forrit sem notuð voru til íslenskukennslu. Meirihluti foreldra sagðist svo ekki fara reglulega á netið til þess að leita að nýju efni til að nota í íslenskukennslu en vildi samt sem áður hafa meira aðgengi að efni. Þetta eru mikilvægar og áhugaverðar niðurstöður og það má spyrja sig hvaða hindranir standa í vegi fyrir því að finna og nota margvíslegt efni á netinu. Fyrsta ástæðan sem kemur upp er að foreldrar vita almennt ekki hvernig megi örva máltöku

hjá börnum sínum. Börn læra að tala með því að eiga samskipti við fullorðna fólkið í kringum sig og á fyrstu árunum eiga þessi samskipti sér helst stað í formi samtala og bókalesturs. Í leikskólum og grunnskólum eru bækur notaðar til að efla orðaforða hjá börnum, en kennarar nota fleiri aðferðir en einungis þær til þess að kenna íslensku. Reynt er að höfða til áhugasviðs barnanna og talað um hluti sem eru þeim mikilvægir. Til dæmis geta ung börn átt erfitt með að segja bless við foreldra sína þegar þau byrja í leikskóla og þá er reynt að útskýra hvert foreldrarnir fara og hvenær þeir koma aftur. Með því að segja „mamma fór að vinna en hún kemur á eftir og sækir þig“ er strax byrjað að leggja inn orðin „mamma,“ „vinna,“ „á eftir“ og „sækir þig“ sem hægt er að nota sem upphafspunkta í frekari orðaforðaaukningu. Þetta er ekki flókið og krefst ekki annars efnis en endurtekningar til þess að koma orðunum inn hjá barninu. En þessi þekking sem kennarar hafa á málörvun er afleiðing mikillar menntunar og reynslu sem er ekki hægt að ætlast til þess að foreldrar hafi. Þeir gætu því ekki vitað hvað þeir þurfa að gera til þess að örva íslenskukunnáttu barna sinna.

Það má líka velta fyrir sér hvort það sé erfitt að finna upplýsingar um hvernig megi kenna íslensku. Þegar fyrst var farið í leit að síðum af kennsluefni fyrir íslensk börn erlendis í heimildaleit fyrir þessa ritgerð var ekki hægt að finna mikið úrval af efni. Með því að fara oft og nota tilvísanir frá öðrum síðum var hægt að finna ýmislegt þannig að ríkulegur efnisbanki kom í ljós. Þessi erfiðleikar við að finna efni eru ekki óvenjulegir þar sem ekki er hægt að finna síðu á netinu með upplýsingum um allt efnið sem er til og gæti verið notað til íslenskukennslu, þó að til dæmis Menntamálastofnun hafi nýverið gefið út Kynningarskrá um það efni sem er til hjá þeim (Menntamálastofnun, 2022). Það þýðir að íslenskir foreldrar í útlöndum þurfa að leita sjálfir að efni án þess að hafa hugmynd um að hverju þeir eigi að leita eða hvaða leitarorð eru best í því að birta íslenskt námsefni (hér mætti einnig minnst á það að ef foreldrar


kannast ekki við Menntamálastofnun þá er erfitt að fá upp efni henni tengt í leitarvélum). Þetta þýðir að íslenskir foreldrar erlendis þurfa annaðhvort upplýsingar um hvaða efni er til og hvernig megi nota það til íslenskukennslu, eða þeir þurfa aðgengi að einstaklingum eða fyrirtækjum sem kunna að nota það. En því miður virðist aðgengi að kennurum með getu til að kenna íslensku og sem búa erlendis vera mjög takmarkað þar sem lítill hópur af þátttakendum sagðist hafa aðgang að íslenskunámskeiði fyrir börnin sín og þeir sem höfðu aðgang voru allir í Evrópu (sem gæti þýtt að þeir aðilar sem flytja til Bandaríkjanna eða lengra í burtu missa enn frekar aðgengi að íslenskukennslu fyrir börnin). Nokkrir foreldrar virtust þó gera sér grein fyrir því að innlögð íslensku takmarkast ekki við samtöl, bækur eða kennara sem geta kennt íslensku þar sem þeir vissu að hægt væri að nota náttúruna, borðspil, minnisspjöld og íslenskuleiki. Því má telja að foreldrar sem hafa áhuga á því að kenna börnum sínum íslensku þurfa ekki endilega að nota netið til kennslu þar sem þeir hafa möguleika á því að nota hluti í sínu nánasta umhverfi. En þar sem þetta var ekki stór hópur þátttakenda sem notuðu þessar aðferðir þá má telja að margir foreldrar þurfi upplýsingar um að nota slíkt. Hér má þá aftur koma inn á vangaveltur hvað varðar aðgengi og hvort foreldrar erlendis geri sér grein fyrir hvað megi nota til þess að kenna móðurmálið annað en samtöl, bækur og tónlist. Það mætti spyrja sig hvort íslenskir foreldrar vilji fá sérstakt aðgengi að ákveðnu efni sem þeir hafa ekki aðgang að á þessum tímapunkti. Dæmi um slíkt efni er efalaust barnaefni á streymisveitum á borð við Disney+, Netflix eða jafnvel aðgang að íslensku barnaefni á RÚV. Hér mætti gera frekari rannsóknir á því hvað íslenskir foreldrar telja sig þurfa til þess að auðvelda íslenskunám barna sinna.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar í heildina sést að íslenskir foreldrar sem búa erlendis notuðu helst samtöl, bækur og tónlist til þess að kenna

börnum sínum íslensku. Aðrar leiðir voru síður notaðar í þeim tilgangi. Þetta er í takt við rannsókn Zimmerman o.fl. (2009) sem sýndi að foreldrar ættu að koma tungumáli inn með því að eiga í gagnkvæmum samskiptum við börn sín ásamt því að leggja það inn með bókalestri og frásögnum. Þrátt fyrir að þessar leiðir geta borið árangur, bæði með því að koma inn grunnorðaforða og flóknari orðaforða hjá börnunum, þá virtust margir foreldrar vilja fá meiri stuðning eða meira efni til að kenna íslensku. Frekari rannsóknir gætu leitt í ljós hvaða leiðir virka best með þessum hóp af börnum til þess að kenna íslensku og hvort það námsefni sem er til staðar, eins og til dæmis Lubba-efnið eða Leikum og Lærum með hljóðin, sé nógu gott fyrir hann. Mikilvægara þykir þó að kynna efnið sem til er betur fyrir íslenskum foreldrum í útlöndum sem hefur verið þróað fyrir bæði íslenska nemendur á Íslandi sem og börn með íslensku sem annað tungumál. Þessar niðurstöður styðja einnig rannsókn Branislav Bédi og Kelsey Page Hopkins (2022) sem undirstrikaði mikilvægi þess að kynna efnið sem til er fyrir þeim sem þurfa það.

## 5.2 Hversu ánægðir eru foreldrarnir með efnið til að kenna börnum sínum íslensku?

Næsta rannsóknarspurning sem var sett fram var hversu ánægðir foreldrar væru með þær leiðir sem þeir notuðu. Hér var helst spurt um bækur, sjónvarpsefni og tölvuforrit sem foreldrar höfðu aðgang að en einnig var spurt um íslenskunámskeið sem og efni á netinu. Í þessu efni skiptist þátttakendahópurinn í tvennt, þ.e. foreldrar þar sem báðir foreldrar töluðu íslensku annars vegar og hins vegar fjölskyldur þar sem aðeins annað foreldrið talaði íslensku. Þessir hópar voru ekki á sama máli með að vera ánægðir með allt það efni sem bauðst. Á mynd 10 sést hlutfall foreldra sem sögðust vera ánægðir með það efni sem bauðst.



Mynd 10: Hlutfall þátttakenda sem var ánægt með kennsluefnið.

Þar sést að foreldrar voru almennt ánægðir með bækur og íslenskt sjónvarpsefni en minna annað efni sem þeir notuðu og spurt var um í könnuninni.

Foreldrar sögðust vera ánægðir með þær bækur, bæði íslenskar og erlendar, sem þeir notuðu til að kenna barninu sínu íslensku. Þetta er áhugavert þar sem bækur eru misgóðar til þess að kenna tungumál þó að það sé kannski ekki ljóst við fyrstu sýn. Eitt foreldri sem tók þátt í þessari rannsókn sagði að „flestar bækur fyrir 5 ára nota of flókið tungumál“ og annað „[a]juka [þarf] eftirlit með gæðum íslenskra barnabóka. Oft mjög léleg íslenska í þeim og hreinlega stafsetningar- og málfræðivillur“ ([ ] eru leiðréttingar höfundar). Þarna sést að foreldrar skynja mun á milli barnabóka og gætu verið ófúsir til þess að nota sumar bækur til þess að lesa fyrir börnin sín. Það má því leiða að því líkur að efni þeirra er jafn mismunandi eins og það er margt. Alla jafna er ekki gerð gæðaúttekt á íslenskum bókum og þær metnar eftir þeim þáttum sem t.d. Booka (e.d.) fjallaði um, þ.e. hvort þær fjalli um hugarefni barnanna,

eru með myndir sem höfða til þeirra o.fl. Það væri þó áhugavert að sjá hvort slík úttekt myndi sýna hvaða bækur væru bestar til þess að kenna íslensku. Eins og bent hefur verið á fyrr í textanum eru bækur nauðsynleg tæki til þess að auka orðaforða barna og hugarheim og því væri gott að vita hvort einhverjar þeirra hentuðu betur en aðrar í málanámi. Einnig væri áhugavert að sjá hvort hægt væri að taka vinsælar íslenskar bækur og aðlaga þær að getu íslenskra barna sem búa í útlöndum ef hún reynist vera öðruvísi en geta barna sem búa á Íslandi. Þetta þyrfti þó að rannsaka betur.

Þátttakendur voru síður ánægðir með annað efni sem þeir gætu notað til þess að kenna íslensku, en það fór eftir því hvort þeim fannst þeir hafa aðgengi að efniinu eða hvort þeir virtust hafa þörf fyrir það. Hérna komu áður nefndir hópar í ljós þar sem foreldrar sem tilheyrðu fjölskyldum þar sem einungis annað foreldrið talaði íslensku sögðust eiga erfiðara með að finna námsefni til að styðja við íslenskukennslu. Þetta rennir stoðum undir þá kenningu að börn sem læra íslensku erlendis og eru tvítyngd gætu staðið verr að vígi hvað orðaforða varðar heldur en eintyngd íslensk börn þar sem foreldrum fannst námsefnið sem þeir höfðu aðgang að ekki henta eða verða of flókið. Fjölskyldur þar sem báðir foreldrar töluðu íslensku voru sáttari við efnið. Það væri áhugavert að sjá hvort það væri í raun munur á þessum tveimur hópum og íslenskukunnáttu barnanna. Það myndi einnig styrkja kenningar De Houwer (2018) með að það er munur á milli barna með tvítyngda fyrstu máls innlögn annars vegar og snemmbúna seinni máls innlögn hins vegar og þær útskýra af hverju það sé munur á milli hópanna. Það ber að nefna hér að þeir Íslendingar sem höfðu aðgang að íslenskunámskeiði eins og Nordic Trailblazers eða móðurmálskennslu í sínu landi voru yfirleitt mjög ánægðir með þau. Það er þó miður hversu fáir þátttakendur töldu sig hafa aðgang að slíkri kennslu þegar haft er í huga hversu mikið efni er á netinu.

Þegar allt er tekið saman má segja að ánægja fólks fari eftir því hvort það telji sig hafa aðgang að efninu eður ei og hversu vel það fullnægir þörfum þeirra. Þetta sýnir enn frekar hversu mikilvægt það er að kynna efnið sem er til fyrir Íslendingum í útlöndum og hefja rannsóknir á því hvort það geti hjálpað til við að kenna íslensku erlendis.

### 5.3 Hvaða stuðning telja foreldrar sig þurfa til þess að kenna börnum sínum íslensku?

Seinasta rannsóknarspurningin sem sett var fram snerist um hvaða stuðning foreldrarnir teldu sig þurfa til þess að kenna íslensku. Mikill meirihluti þátttakenda fannst að íslensk yfirvöld ættu að styðja við íslenskukennslu barna sem búa erlendis. Margar leiðir voru nefndar til þess að gera það sýnilegt. Til dæmis var minnst á að opna aðgang að KrakkaRÚV, gefa bækur, gera stafrænt námskeið fyrir íslenska foreldra, styrkja kennslu í fjölmennum Íslendingaborgum og að gera aðgengi að íslensku kennsluefni auðveldara. Seinasta atriðið er sérstaklega áhugavert í ljósi þess hversu mikið efni er til nú þegar á netinu. Hér má aftur koma að því að það sem virðist helst vanta fyrir Íslendinga í útlöndum er að sýna þeim hvaða efni er til og kenna þeim að nota það. Til dæmis væri áhugavert að kynna efni eins og Orðaleik fyrir foreldrunum sem hægt er að nota til að auka orðaforða hjá börnum með markvissri kennslu (Harpa Sif Þorsteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir, 2011). Heimasíða Orðaleiks inniheldur góðar og ítarlegar lýsingar á því hvernig nota megji efnið sem gæti hjálpað foreldrum. Þetta væri sérstaklega mikilvægt fyrir þá Íslendinga sem eru þeir einu á heimilinu sem tala íslensku. Þeir foreldrar höfðu meiri áhyggjur af íslenskukunnáttu barnanna og sýndu meiri óánægju með námsefnið heldur en hinir.

En hér komum við að því hversu tilbúin íslensk stjórnvöld eru til þess að sinna þessum hóp Íslendinga betur. Sem stendur virðist þróunin vera í þá átt



að veita erlendum aðilum innanlands meiri stuðning heldur en íslenskum foreldrum erlendis. Þingskjal 336 um að bæta stöðu og þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis hefur enn ekki verið tekið fyrir (þingskjal nr. 336/2022–2023) en það gæti skipt sköpum í að fá móðurmálskennslu eða aðgang að íslensku efni fyrir börn sem búa utan landssteinanna. Málstefnan fyrir árið 2021–2030 gerir einungis ráð fyrir að kenna landsmönnum að styrkja íslensku og það má spyrja sig hvort Íslendingar erlendis tilheyri þeim (Íslensk málnefnd, 2021, bls. 3). Það gæti líka haft áhrif að Íslendingar erlendis borga ekki skatt til Íslands svo hvati stjórnvalda til að sinna þessum hóp er lítill. Það mætti þó athuga hvort íslensk stjórnvöld myndu skipta um skoðun ef þau eru sannfærð um að með því að hjálpa þessum hóp eru þau að styrkja stöðu íslenskunnar til lengri tíma litið.

Að lokum gætu þeir foreldrar sem hafa áhyggjur af því að börnin sín læri ekki íslensku eða tali ekki jafngóða íslensku og jafnaldrar þeirra á Íslandi haft í huga að börn sem læra arfleifðartungumál og hætta að nota það eru betri í því að endurlæra tungumálið síðar. Polinsky og Kagan (2007) sýndu fram á það í rannsókn sinni að mælendur arfleifðartungumáls eru betri í því að endurlæra heimatungumál sitt. Hægt er að yfirfæra þessar niðurstöður á þessa rannsókn á þann hátt að börn sem læra íslensku heima fyrir en búa erlendis gætu verið líklegri til þess að eiga auðvelt með að endurlæra íslenskuna ef þau ákveða að leggja stund á hana þegar þau verða eldri. Þetta gæti gefið foreldrum von sem ná ekki að kenna börnum sínum íslensku að fullu.

#### 5.4 Hverju bætir þessi rannsókn við í rannsóknarheiminum?

Í þessari rannsókn var skyggst inn í heim Íslendinga sem búa erlendis. Þessir Íslendingar hafa mikinn áhuga á því að viðhalda tengslum við upprunalandið sitt og kenna börnum sínum íslensku, sem er í takt við þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á tvítýngi og foreldrum sem flytja á milli landa. Hún rennir einnig

stoðum undir kenningar De Houwer (2009) um að það sé munur á því hversu mikla íslensku börnin læra eftir því hvort annað eða báðir foreldrar tala íslensku þar sem í öðru tilfallinu er um að ræða börn sem fá innlög frá tveimur tungumálum frá fæðingu og hins vegar börn sem læra eitt tungumál frá fæðingu og læra svo annað síðar meir. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að það er mikið verk fyrir höndum við að koma Íslendingum erlendis, sem og börnum þeirra, í tengingu við það námsefni sem til er. Einnig þarf að skoða betur hvernig sú íslenska sem börnin erlendis læra og tala stenst samanburð við íslensku mælt af börnum sem eru eintyngd eða eru með íslensku sem annað mál. Það væri áhugavert að fara með málþroskapróf og orðaforðapróf og leggja fyrir þennan hóp líkt og gert var í rannsókn Hjördísar Hafsteinsdóttur, Jóhönnu T. Einarsdóttur og Irisar Eddu Noweinstein (2022) eða eins og gert var í rannsókn Hörpu Sifjar Þorsteinsdóttur og Rannveigar Oddsdóttur (2021). Þessi rannsókn var þó ekki án galla sem hér ber að nefna og sem seinni tíma rannsóknir gætu reynt að laga.

Í fyrsta lagi var þátttakendahópurinn mjög einsleitur. Meirihluti þátttakenda voru giftar konur með háskólamenntun og yfir 31 árs aldri. Þetta þýðir að það er erfitt að fullyrða um niðurstöðurnar yfir á þýði Íslendinga sem búa erlendis. Þessi galli gæti hafa komið til vegna þess að aðallega var leitað að þátttakendum á Facebook í staðinn fyrir að fara á aðra samfélagsmiðla sem yngri aðilar sækja eða nota aðferðir sem henta eldri þátttakendum. Þetta var aðallega gert þar sem auðvelt er að ná til fólks sem býr út um allan heim á Facebook það má þó spyrja sig hvort þörf sé á því þar sem yngri og eldri þátttakendur gætu verið ólíklegri til að eiga börn á aldursbilinu sem notað var í þessari rannsókn. Í öðru lagi fengu þátttakendur ekki svarmöguleikann „veit ekki / á ekki við“ í nokkrum spurningum sem gæti haft áhrif á túlkun niðurstaðna. Í staðinn notaði fólk „hvorki ósammála né sammála“ sem gæti

falið svör frá þeim þátttakendum sem höfðu ekki raunverulega skoðun á viðkomandi atriði. Í þriðja lagi var í þessari rannsókn talað við foreldra barna og þeir beðnir um að segja frá hegðun í staðinn fyrir að mæla hegðunina sjálfa. Í framtíðarrannsóknum væri gott að einbeita sér að málkunnáttu barnanna og hvernig að tungumálanámi er staðið á heimilinu í staðinn fyrir að treysta einungis á skoðanir foreldra.



## 6 Lokaorð

Íslendingar sem velja að búa erlendis gera það af ýmsum ástæðum, en fáir gera það til þess að gleyma landi sínu og menningu. Langflestir vilja halda tengingu við landið og fjölskylduna og vilja gera það í gegnum börn sín með því að kynna tungumálið fyrir þeim. Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að það mætti auðveldlega hjálpa íslenskum foreldrum erlendis með að kenna íslensku með því að kynna efnið sem til er fyrir þeim. Þannig mætti til dæmis byrja á því að gefa þeim Íslendingum sem búa í Evrópu aðgang að skipulagðri kennslu en Íslendingar sem búa í Evrópu eru rúmlega 39000 manns (Þjóðskrá, e.d.). Þó það sé ekki stór hópur á mælikvarða annarra Evrópuþjóða gæti þessi hópur fengið aðgang að skipulagðri kennslu á netinu þar sem hann tilheyrir sama tímasvæði, ef hægt væri að bjóða upp á hana. Til samanburðar búa einungis tæplega 6500 Íslendingar í Bandaríkjunum sem dreifast yfir 4 tímasvæði. Það gæti verið erfiðara að ná til þeirra með skipulögð námskeið en vonandi, með tilkomu netsins og fjarnámskeiða sem hægt er að sækja út um allan heim verður hægt að ná til þeirra með tíð og tíma. Í framhaldinu mætti búa til námsefni, a.m.k. fyrst fyrir foreldra um hvernig megi örva íslenskukunnáttu barnanna sem búa úti. Jafnvel mætti búa til námskeið ef styrkir fengjust fyrir því. Þannig væri vonandi hægt að styrkja tengslin milli Íslendinga á fjarlægum slóðum, auðvela þeim og framtíðarkynslóðum að snúa aftur til Íslands ef þau vilja og á sama tíma að styrkja stöðu íslenskunnar um ókomin ár.



## Heimildir

- Alma Sól Morelli. (2019). *Tvítýngi er í góðum málum: skilgreining á tvítýngi og greining þess í ítalskri-íslenskri fjölskyldu* [B.A. verkefni]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/32775>
- Amin, N.A. og Soh, O. (2020). A review of research on the effects of music upon second language acquisition. *Universal Journal of Educational Research*, 8, 191–201.
- Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítýngdra leikskólubarna: Málumhverfi heima og í leikskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérarit 2017 – Menntakvika 2017*. [https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika\\_2017/007.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf)
- Au, T. K., Knightly, L. M., Jun, S.-A. og Oh, J. S. (2002). Overhearing a language during childhood. *Psychological Science*, 13, 238–243. <https://doi.org/10.1111/1467-9280.00444>
- Au, T. K., Oh J. S., Knightly, L. M., Jun, S.-A. og Romo, L. F. (2008). Salvaging a childhood language. *Journal of Memory and Language*, 58, 998–1011. <https://doi.org/10.1016/j.jml.2007.11.001>
- Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing words to life: Robust vocabulary instruction* (2. útgáfa). Guilford Press.
- Bialystok, E., Luk, G., Peets, K. F., og Yang, S. (2010). Receptive vocabulary differences in monolingual and bilingual children. *Bilingualism*, 13(4), 525–531. <https://doi.org/10.1017/S1366728909990423>

- Bohnacker, U. (1998). *Icelandic plus English: Language differentiation and functional categories in a successively bilingual child* [doktorsritgerð, Durham University]. Durham E-Theses.
- Booka. (e.d.). *What makes a good children's book? 10 characteristics parents should look for*. Booka. <https://appbooka.com/what-makes-a-good-childrens-book/>
- Branislav Bédi og Kelsey Page Hopkins. (2022). Kortlagning rafræns námsefnis í íslensku sem öðru máli fyrir börn og viðhorf fjölskyldna til notkunar á námsefni í sjálfsnámi barna. Í B. Arnbjörnsdóttir (ritstj.), *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* (bls. 253–283). Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- Bryndís Guðmundsdóttir. (e.d.). *Lærum og leikum með hjóðin*. [http://laerumogleikum.is/wp-content/uploads/2013/12/LogL\\_kynning03.pdf](http://laerumogleikum.is/wp-content/uploads/2013/12/LogL_kynning03.pdf)
- Caesar, L. G. og Nelson, N. W. (2013). Parental involvement in language and literacy acquisition: A bilingual journaling approach. *Child Language Teaching and Therapy*, 30(3), 317–336.
- Creswell, J. W. og Guetterman, T. C. (2021). *Educational research: Planning, conducting, and evaluating quantitative and qualitative research* (6. útg.). Pearson.
- De Houwer, A. (2000). Children's linguistic environments: A first impression. Í M. Beers, B. van den Bogaerde, Bol, J. de Jong og C. Rooijmans (ritstj.), *From sound to sentence. Studies on first language acquisition* (bls. 57–68). Centre for Language and Cognition.
- De Houwer, A. (2007). Parental language input patterns and children's bilingual use. *Applied Psycholinguistics*, 28(3), 411–424. <https://doi.org/10.1017/S0142716407070221>



- De Houwer, A. (2009). *Bilingual first language acquisition*. MM Textbooks.
- De Houwer, A. (2018). The role of language input environments for language outcomes and language acquisition in young bilingual children. Í D. Miller, F. Bayram, J. Rothman og L. Serratrice (ritstj.), *Bilingual cognition and language. The state of the science across its subfields* (bls. 127–153). John Benjamins.
- Dixon, L. (2011). The role of home and school factors in predicting English vocabulary among bilingual kindergarten children in Singapore. *Applied Psycholinguistics*, 32(1), 141–168.  
<https://doi.org/10.1017/S0142716410000329>
- European Education and Culture Executive Agency. (2023). *Key data on teaching languages at school in Europe: 2023 edition*. Publications Office of the European Union.  
<https://data.europa.eu/doi/10.2797/529032>
- European Parliamentary Research Service. (2022). *Multilingualism: The language of the European Union*.  
[https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2019/642207/EPRS\\_BRI\(2019\)642207\\_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2019/642207/EPRS_BRI(2019)642207_EN.pdf)
- Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbein: Íslensku málhjóðin sýnd og sungin*. Mál og menning.
- Fox, R., Corretjer, O. og Webb, K. (2019). Benefits of foreign language learning and bilingualism: An analysis of published empirical research 2012–2019. *Foreign Language Annals*, 52(4), 699–726.  
<https://doi.org/10.1111/flan.12424>
- Gándara, P. og Escamilla, K. (2017). Bilingual education in the United States. Í O. Garcia, A. Lin, og S. May (ritstj.), *Bilingual and multilingual education. Encyclopedia of language and education*. Springer. [https://doi.org/10.1007/978-3-319-02324-3\\_33-2](https://doi.org/10.1007/978-3-319-02324-3_33-2)

Gísli Sigurðsson. (e.d.). *Íslenska í Vesturheimi*. Málgreinar.  
<http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=705>

Hagstofa Íslands. (2023). *Yfirlit mannfjölda*.  
<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/yfirlit/>

Harpa Sif Þorsteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. (2021). Að læra íslensku sem annað mál: Markviss orðaforðakennsla í útinámi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérrit 2021 – Menntakvika 2021*.  
[https://netla.hi.is/serrit/2021/menntakvika\\_2021/02.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2021/menntakvika_2021/02.pdf)

Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/04.pdf>

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málþroski leikskólabarna: þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjögurra og fimm ára aldurs. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*.  
<https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Icelandic Online. (e.d.-a). *Forsíða*. <https://icelandiconline.com/>

Icelandic Online. (e.d.-b). *Icelandic online börn*.  
<https://born.icelandiconline.com/>

Íris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir. (2021). Stafrænt málsambýli íslensku og ensku. Áhrif ensks ílags og málnotkunar á málfærni íslenskra barna. *Ritið*, 21(3), 13–56.

Íslensk málnefnd. (2021). *Íslensk málstefna 2021–2030*. Íslensk málnefnd.  
[https://islenskan.is/images/islensk\\_malstefna\\_sept\\_2021.pdf](https://islenskan.is/images/islensk_malstefna_sept_2021.pdf)

Íslensk málnefnd. (e.d.). *Málstefna*. <https://islenskan.is/malstefna>

- Kim, S., Jeon, S.G., Nam, Y., Kim H. S., Yoo, D-H og Moon M. (2019). Bilingualism for dementia: Neurological mechanisms associated with functional and structural changes in the brain. *Frontiers in Neuroscience*, 13. <https://doi.org/10.3389/fnins.2019.01224>
- Lanza, E. (2021, 13. maí). How grandparents impact languages in the family [bloggfærsla]. *Psychology Today*. <https://www.psychologytoday.com/intl/blog/living-languages/202105/how-grandparents-impact-languages-in-the-family>
- Li, X. (1999). How can language minority parents help their children become bilingual in familial context? A case study of a language minority mother and her daughter. *Bilingual Research Journal*, 23(2–3), 211–223. <https://doi.org/10.1080/15235882.1999.10668687>
- Maguire-Fong, M. J. (2020). *Teaching and learning with infants and toddlers: Where meaning-making begins* (2. útg.). Teachers College Press.
- Marian, V. og Shook, A. (2012). The cognitive benefits of being bilingual. *Cerebrum: The Dana forum on Brain Science*, 13.
- Menken, K. og Solorza, C. (2014). No child left bilingual: Accountability and the elimination of bilingual education programs in New York City schools. *Educational Policy*, 28(1), 96–125. <https://doi.org/10.1177/0895904812468228>
- Mennta – og menningarmálaráðuneytið. (2020). *Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20um%20studning%20vid%20modurmal\\_i\\_slenska.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Leidarvisir%20um%20studning%20vid%20modurmal_i_slenska.pdf)

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur Hluti 2011: Greinasvið 2013*.  
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>
- Menntamálaráðuneytið. (2008). *Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu*. Menntamálaráðuneytið.  
[https://islenskan.is/images/islenska\\_til\\_all.pdf](https://islenskan.is/images/islenska_til_all.pdf)
- Menntamálastofnun. (2022). *Kynningarskrá 2022*.  
Menntamálastofnun.  
[https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kynningarskra\\_2022/](https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/kynningarskra_2022/)
- Menntamálastofnun. (e.d.-a). *Forsíða*. <https://fraedslugatt.is/>
- Menntamálastofnun. (e.d.-b). *Leit í útgefnu efni*.  
<https://mms.is/namsefni>
- Menntavísindastofnun. (e.d.-a). *Rannsóknarstofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (RANNMÁL)*.  
<https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknir-rannsoknastofur/rannsoknarstofa-um-nam-og-kennslu-erlendra-tungumala-og-annars-mals>
- Menntavísindastofnun. (e.d.-b). *Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu*.  
<https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknir-rannsoknastofur/rannsoknarstofa-i-islenskum-fraedum-og-islenskukennslu>
- Menntavísindastofnun. (e.d.-c). *Meðferð persónuupplýsinga*.  
<https://menntavisindastofnun.hi.is/is/rannsoknir/medferd-personuupplýsinga>
- MML. (e.d.). *Miðja máls og læsis*. <https://mml.reykjavik.is/um-mml/>

- Moon, C., Lagercrantz, H. og Kuhl, P. (2013). Language experienced in utero affects vowel perception after birth. *Acta Paediatrica*, 102, 156–160.
- Mussila. (2020, 16. nóvember). *Orðagull*. Google Play.  
<https://play.google.com/store/apps/details?id=is.rosamosi.ordagu llremaster&hl=is>
- Nordic Co-operation. (e.d.). *Nordic language co-operation*.  
<https://www.norden.org/en/information/nordic-language-co-operation>
- Nordic Trailblazers. (e.d.). *Um Íslenskuskólann*.  
<https://www.islenskuskolinn.com/about>
- Orðaleikur. (e.d.). *Hvað er Orðaleikur?*  
<https://ordaleikur.msha.is/is/thjonusta/ordaleikur>
- Otto, B. (2018). *Language development in early childhood education* (5. útgáfa). Pearson.
- Polinsky, M. og Kagan, O. (2007). Heritage languages: In the 'wild' and in the classroom. *Language and Linguistics Compass*, 1(5), 368–395. <https://doi.org/10.1111/j.1749-818X.2007.00022.x>
- Ragnheiður Harpa Arnardóttir. (2021). Aðferðafræði meginlegra rannsókna: Yfirlit yfir helstu rannsóknarsnið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 407–427). Háskólinn á Akureyri.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I hluti/1989.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (e.d.). *Máltaka barna*. Málsgreinar.  
<http://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=302#six>
- Spitzer, M. (2016). Bilingual benefits in education and health. *Trends in Neuroscience and Education*, 5, 67–76.

- Thordardottir, E. (2011). The relationship between bilingual exposure and vocabulary development. *International Journal of Bilingualism*, 15(4), 426-445.  
<https://doi.org/10.1177/1367006911403202>
- Thordardottir, E. T. og Juliusdottir, A. G. (2013). Icelandic as a second language: A longitudinal study of language knowledge and processing by school-age children. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, 16(4), 411-435.  
<https://doi.org/10.1080/13670050.2012.693062>
- Tungumálatorg. (e.d.). *Um torgið*. <https://tungumalatorg.is/um-torgi%c3%b0/>
- Wei, L. (2020). Bilingualism and multilingualism. Í J. Stanislaw (ritstj.), *The International Encyclopedia of Linguistic Anthropology* (bls. 1-12). John Wiley and Sons, Inc.
- Wu, Y.J., Hou, X., Peng, C., Yu, W., Oppenheim, G.M., Thierry, G. og Zhang, D. (2022). Rapid learning of a phonetic discrimination in the first hours of life. *Nature Human Behaviour*, 6, 1169-1179.  
<https://doi.org/10.1038/s41562-022-01355-1>
- Zimmerman, F.J., Gilkerson, J., Richards, J.A., Christakis, D. A., Xu, D., Gray, S., Yapanel, U. (2009). Teaching by listening: The importance of adult-child conversations to language development. *Pediatrics*, 124(1), 342-349. <https://doi.org/10.1542/peds.2008-2267>
- Þingskjal nr. 336/2022-2023. Tillaga til þingsályktunar um bættu stöðu og þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis.
- Þjóðskrá. (e.d.). *Íslendingar búsettir erlendis*.  
<https://www.skra.is/gogn/thjodskrargattin/islendingar-busettir-erlendis/>

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir. (2010). *Tungumálatorg: Lokaskýrsla til Sprotasjóðs*. <https://www.rannis.is/media/2009-2010/laugalaekjarsk-tungumalatorg-lokaskyrsla-2010.pdf>

Þórarinn Sveinsson og Thor Apelund. (2021). Líftölfræði: Helstu aðferðir og áherslur í heilbrigðisvísindum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 471–487). Háskólinn á Akureyri.





# Viðaukar

## Viðauki 1: Spurningalistinn

### Hæfi þátttakanda

Átt þú börn á aldrinum 2 til 6 ára?

- Já
- Nei

Hver talar íslensku í þinni fjölskyldu?

- Ég
- Maki minn
- Bæði
- Hvorugt

Búið þið erlendis í dag?

- Já
- Nei

### Spurningar

Hvað er barnið þitt gamalt?

---

Talar þú íslensku við barnið þitt?

- Já
- Nei

Vilt þú að barnið þitt læri íslensku?

- Já
- Nei

Hvers vegna viltu að barnið þitt læri íslensku?

\_\_\_\_\_

Hversu oft talar þú íslensku við barnið þitt?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft eigið þið samræður (þar sem báðir aðilar taka þátt), í þeim tilgangi að styðja við íslenskukunnáttu barnsins þíns?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft talar þú annað tungumál, þ.e. ekki íslensku, við barnið þitt?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft talar barnið þitt íslensku við þig?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég leiðrétti málfræðivillur hjá barninu mínu þegar það talar íslensku?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu oft talar barnið þitt annað tungumál, þ.e. ekki íslensku, við þig?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega

- Aldrei

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Barnið mitt talar jafngóða íslensku og jafnaldrar þess sem búa á Íslandi?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu oft lestu íslenskar bækur með barninu þínu?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft lestu erlendar, þ.e. ekki íslenskar, bækur með barninu þínu?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með þær íslensku bækur sem ég les með barninu mínu?

- Mjög ósammála

- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu margar íslenskar barnabækur ertu með á heimilinu?

- Engar
- 1–10
- 11–20
- Fleiri

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með þær erlendu bækur sem ég les með barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég á auðvelt með að finna íslenskar bækur til að styðja við íslensku hjá barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu oft hlustið þið barnið þitt saman á íslenska tónlist?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Mér finnst mikilvægt að hlusta á íslenska tónlist, svo sem barnalög og vísur, með barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu oft hlustar barnið þitt á erlenda, þ.e. ekki íslenska, tónlist?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég á auðvelt með að finna íslenska tónlist til að styðja við íslensku hjá barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála

- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu oft horfir barnið þitt á íslenskt sjónvarpsefni?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft horfir barnið þitt á erlent, þ.e. ekki íslenskt, sjónvarpsefni?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með það íslenska sjónvarpsefni sem ég horfi á með barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég á auðvelt með að finna íslenskt sjónvarpsefni til að styðja við íslensku hjá barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu oft notið þið aðra miðla, svo sem tölvuleiki, símaöpp eða borðspil til þess að kenna barninu ykkar íslensku?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft á barnið samskipti við íslenska aðila utan heimilisins, svo sem fjölskyldu eða vini?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft notist þið við íslenskar skrifarbækur?

- Daglega



- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hversu oft notist þið við íslenskar lestrarbækur?

- Daglega
- 3–4 í viku
- Vikulega
- Mánaðarlega
- Aldrei

Hafið þið aðgang að íslenskunámskeiði fyrir barnið ykkar?

- Já
- Nei
- Ef já, hvaða? \_\_\_\_\_

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með það íslenskunámskeið sem barnið mitt tekur þátt í?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með þá íslensku tölvuleiki sem ég spila með barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég á auðvelt með að finna tölvuleiki til að styðja við íslensku hjá barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með þau íslensku smáforrit (*e. app*) í símanum eða spjaldtölvu sem ég nota með barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég á auðvelt með að finna íslensk smáforrit (*e. app*) í símanum eða spjaldtölvu til að styðja við íslensku hjá barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Notið þið aðrar leiðir til þess að kenna barninu ykkar íslensku?

- Já
- Nei
- Ef já, hvaða? \_\_\_\_\_

Hvaða íslensku vefi þekkið þið á netinu? Krossið við allt sem á við.

- Fræðslugátt Menntamálastofnunar – fraedslugatt.is
- Íslenska á netinu – Icelandic Online
- Netskólinn – netskoli.is
- Miðja máls og læsis – mml.reykjavik.is
- Móðurmál – modurmal.com
- Tungumálatorg – tungumalatorg.is
- Orðaleikur - ordaleikur.msha.is
- Lærum og leikum með hljóðin - laerumogleikum.is
- Orðagull - snjallskoli.is/oppin/ordagull/
- Annað, hvað? \_\_\_\_\_

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Það er auðvelt að finna íslenskt efni á netinu sem hægt er að nota til að kenna íslensku?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég fer reglulega og skoða íslenskt efni á netinu til þess að styðja við íslensku hjá barninu mínu?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég reyni að sækja atburði í heimalandi mínu þar sem íslenska er töluð?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég stefni á að flytja aftur til Íslands með börnin í framtíðinni?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég er ánægð(ur) með það úrval af efni sem hægt er að nota til að kenna íslensku sem ég hef aðgang að?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég hef áhyggjur af því að barnið mitt læri ekki íslensku?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég hef áhyggjur af því að barnið mitt læri ekki tungumálið sem talað er í heimalandi okkar?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Ég vildi óska að ég hefði betra aðgengi að íslensku efni fyrir barnið mitt til að kenna íslensku?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála
- Veit ekki/vil ekki svara.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Mér finnst mikilvægt að íslensk yfirvöld styðji við íslenskukennslu barna sem búa erlendis?

- Mjög ósammála
- Frekar ósammála
- Hlutlaus
- Frekar sammála
- Mjög sammála

Hvernig mættu íslensk yfirvöld koma betur að íslenskukennslu barna sem búa erlendis?

\_\_\_\_\_

Að lokum biðjum við þig að svara nokkrum spurningum um bakgrunn þinn sem við notum við úrvinnslu gagnanna.

### Bakgrunnsbreytur

Hvert er kyn þitt?

- Karl
- Kona
- Kynsegin
- Vil ekki svara

Hver er aldur þinn?

- 18–20
- 21–30
- 31–40
- 41+
- Vil ekki svara

Hvert er menntunarstig þitt?

- Grunnskólamenntun
- Stúdentspróf
- Iðnmenntun
- Háskólamenntun
- Önnur, hver? \_\_\_\_\_

Hvar býrðu?

- Á Íslandi
- Evrópu
- Bandaríkjunum
- Asíu
- Annars staðar, hvar? \_\_\_\_\_

Hver er hjúskaparstaða þín?

- Einhleyp/ur
- Gift/ur
- Fráskilin/n
- Ekkil/ekkja
- Annað, hvað? \_\_\_\_\_



## Viðauki 2: Boð um þátttöku

Þér er hér með boðið að taka þátt í rannsókn sem ber heitið *Íslensk tunga erlendis – hvernig íslenskir foreldrar kenna íslensku erlendis*. Rannsóknin er framkvæmd af Lilju Kristjánsdóttur kennaranema í Menntunarfræði við Háskólann á Akureyri í tengslum við meistaraverkefni hennar. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig íslenskir foreldrar erlendis kenna börnum sínum íslensku (á aldrinum 2–6 ára) á meðan þeir búa í útlöndum.

Við vonumst til þess að fá þátttakendur þar sem annar eða báðir foreldrar eru með íslensku að móðurmáli og sem búa utan Íslands. Ef þú samþykkir að taka þátt í þessari rannsókn þarftu að svara nokkrum spurningum á netinu um hvernig þú kennir barninu þínu íslensku, ásamt nokkrum bakgrunnsspurningum. Það ætti ekki að taka þig meira en 20 mínútur að svara könnuninni.

Þátttaka þín er sjálfviljug og þér er frjálst að hætta að svara spurningum hvenær sem þú vilt. Einnig getur þú valið að sleppa því að svara einni eða fleiri spurningum.

Fyllsta trúnaðar verður gætt við úrvinnslu þessarar rannsóknar. Notkun þessara gagna verður bundin við þessa rannsókn og þeir sem sjá um úrvinnslu gagnanna í þessari rannsókn eru bundnir þagnarskyldu.

Ef þú hefur einhverjar spurningar um þessa rannsókn geturðu haft samband við Lilju Kristjánsdóttur í [lik1@unak.is](mailto:lik1@unak.is) eða leiðbeinendur hennar, Guðmund Engilbertsson í [ge@unak.is](mailto:ge@unak.is) eða Rannveigu Oddsdóttur í [rannveigo@unak.is](mailto:rannveigo@unak.is).

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.